

# Ársskýrsla 2019

Þjóðskjalasafn Íslands



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Ársskýrsla 2019**
Þjóðskjalasafn Íslands

**Útgefandi:**
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
5903300
upplysingar@skjalasafn.is
www.skjalasafn.is

© Maí 2020 Þjóðskjalasafn Íslands

# Ársskýrsla
# Þjóðskjalasafns Íslands 2019

Yfirlit um starfsemi

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

# EFNISYFIRLIT

**Ávarp þjóðskjalavarðar** ........ **5**

1. **Þjóðskjalasafn** ........ **6**
   - Hlutverk Þjóðskjalasafns sem stjórnsýslustofnunar ........ 6
   - Minni íslensks samfélags ........ 6

2. **Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður lætur af embætti** ........ **7**

3. **Innri starfsemi** ........ **9**
   - Stjórnarnefnd ........ 9
   - Skipulag og stjórnun ........ 10
   - Framkvæmdastjórn Þjóðskjalasafns Íslands í árslok 2019: ........ 10
   - Starfsemi á árinu ........ 10
   - Rekstrar- og efnahagsreikningur ........ 11
   - Mannauður og mannaflaþörf ........ 11
   - Húsnæðismál ........ 12
   - Grænt Þjóðskjalasafn ........ 12
   - Græn skref í ríkisrekstri ........ 12
   - Grænt bókhald ........ 13
   - Jafnlaunavottun ........ 13
   - Persónuverndarfulltrúi Þjóðskjalasafns ........ 13

4. **Viðtaka og varðveisla** ........ **14**
   - Afhendingar pappírsskjala ........ 14
   - Afhendingar rafrænna gagna ........ 15
   - Grisjunarbeiðnir ........ 15
   - Málalyklar og skjalavistunaráætlanir ........ 16
   - Rafræn skjalavarsla ........ 16
   - Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila ........ 17
   - Forvarsla ........ 17

5. **Aðgengi og þjónusta** ........ **18**
   - Skjalaskrá og einkaskjalasafn.is ........ 18
   - Skráning og frágangur skjalasafna úr atvinnusögu Íslands ........ 18
   - Átak í birtingu skjalaskráa sýslumanna ........ 19
   - Útlán og notkun skjala ........ 20
   - Fyrirspurnir vegna safnkosts ........ 20
   - Heimsóknir á lestrarsal ........ 21

6. **Rannsóknir** ........ **22**
   - Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi ........ 22
   - Landsnefndin fyrri 1770-1771 ........ 22
   - Yfirrétturinn á Íslandi 1563-1800 ........ 23
   - Þjóðlendurannsóknir ........ 23
   - Efnisskráning dóma- og þingbóka sýslumanna ........ 24

**7. Miðlun** ........ **25**
Vefsíður Þjóðskjalasafns ........ 25
Skönnunarverkefni í samstarfi við Family Search ........ 26
Gagnagrunnur fyrir gömul vegabréf og reisupassa ........ 26
Samstarfsverkefni um sáttabækur ........ 27
Skönnun á jarðskjálftasíritum ........ 27
Skráningarverkefni á Ísafirði ........ 28
Heimild mánaðarins ........ 28

**8. Sýningar, viðburðir og móttaka hópa** ........ **29**
Sýningar utan safnsins ........ 29
Safnanótt ........ 30
Norræni skjaladagurinn ........ 30
Vorráðstefna Þjóðskjalasafns ........ 30
Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns ........ 31

**9. Samstarf opinberra skjalasafna** ........ **32**
Styrkir til héraðsskjalasafna ........ 33
Heimsóknir á héraðsskjalasöfn ........ 33

**10. Kennsla í skjalfræði** ........ **34**

**11. Alþjóðlegt samstarf** ........ **35**

**12. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna** ........ **36**

**13. Viðauki 1** ........ **38**
Stefnumótun til þriggja ára 2019–2021 ........ 38

**14. Viðauki 2** ........ **40**
Starfsfólk Þjóðskjalasafns 01. desember 2019 ........ 40

**15. Viðauki 3** ........ **41**
Erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns ........ 41

**16. Viðauki 4** ........ **43**
Útgefnar bækur og skýrslur ........ 43

**17. Viðauki 5** ........ **44**
Afhendingar 2019 ........ 44

# ÁVARP ÞJÓÐSKJALAVARÐAR



Áherslumál ársins 2019 voru að stórum hluta tengd innra starfi Þjóðskjalasafns. Undirrituð tók við starfi þjóðskjalavarðar 1. mars af Eiríki G. Guðmundssyni, sem þá fór á eftirlaun. Árið hefur verið viðburðaríkt í nýju hlutverki, eftir að hafa áður starfað við safnið í 12 ár, sem verkefnisstjóri þjóðlendurannsókna og síðar sviðsstjóri.

Nýtt skipurit tók gildi 1. september 2019. Sviðum var fækkað úr þremur í tvö og tekið upp fagstjóraskipulag á völdum grunnverkefnum. Á rekstrar- og varðveislusviði, sem Anna Elínborg Gunnarsdóttir fer fyrir, eru fagsvið húsnæðis, miðlunar og varðveislu og á skjala- og upplýsingasviði, þar sem Njörður Sigurðsson er sviðsstjóri, er sinnt upplýsingaþjónustu, eftirliti og ráðgjöf og skráningarmálum. Auk þess starfa verkefnistjórar í sértækum stórum verkefnum.

Undanfari þessarar niðurstöðu um innra skipulag safnsins var umfangsmikil úrbótavinna á vor- og sumarmánuðum. Allir starfsmenn tóku þátt í vinnustofum sem leiddu fram þessa niðurstöðu. Verkefni fluttust milli sviða og margir starfsmenn fengu aðra samstarfsmenn eða annan sviðsstjóra en áður. Meðal breytinga voru sameining afgreiðslu og lestrarsals, sem að fullu mun koma til framkvæmda á árinu 2020 eftir fyrirhugaðar umbætur á lestrarsal.

Fyrstu skref við að undirbúa Þjóðskjalasafn fyrir vottun í umhverfismálum voru stigin á haustdögum. Unnið var í fyrsta græna skrefinu og verður þeirri vinnu haldið áfram á nýju ári. Markmiðið er að Þjóðskjalasafn fái umhverfisvottun á árinu 2020.

Í stofnun sem hefur afar fjölþætt hlutverk hefur margt fleira verið á dagskrá þetta árið eins og ársskýrslan ber með sér. Gerð er grein fyrir helstu vörðum í verkefnum ársins, árangri stofnunarinnar út frá þriggja ára stefnumiðaðri áætlun, auk þess sem áherslur síðastliðins árs eru dregnar saman í ljósi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.



Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður

# 1.

# ÞJÓÐSKJALASAFN

Þjóðskjalasafn Íslands er ein af grunnstofnunum ríkisins og starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014. Þar er kveðið á um meginhlutverk Þjóðskjalasafns og er það í grundvallaratriðum tvíþætt; stjórnsýsla og skjalastjórn hins opinbera annars vegar og menningarhlutverk og langtímavarðveisla skjalasafna hins vegar. Miðlun og öruggt aðgengi að gögnum og upplýsingum er síðan grundvöllur samfélagslegrar starfsemi safnsins. Tilurð skjala, meðhöndlun þeirra og varðveisla (rafræn og á pappír), er grunnþáttur sem allt annað byggist á. Þjóðskjalasafn sinnir einni af grunnstoðum lýðræðis í landinu; tilurð, varðveislu og aðgengi að upplýsingum. Það gerir safnið m.a. með því að setja stjórnsýslunni reglur með það að markmiði að tryggja upplýsingarétt og gagnsæi.

## Hlutverk Þjóðskjalasafns sem stjórnsýslustofnunar

Sem stjórnsýslustofnun hefur Þjóðskjalasafn með höndum ráðgjöf til afhendingarskyldra aðila, sem og eftirlit með skjalahaldi þeirra. Í þessu skyni setur þjóðskjalavörður reglur um skjalavörslu og skjalastjórn, sem mennta- og menningarmálaráðherra staðfestir. Með reglubundnu millibili gerir safnið rafrænar eftirlitskannanir á skjalavörslu afhendingarskyldra aðila og fylgir þeim eftir með sértæku eftirliti út frá þeim þáttum sem koma fram í niðurstöðum þeirra. Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 500 talsins. Að auki hefur Þjóðskjalasafn eftirlit með þeim 20 héraðsskjalasöfnum sem starfandi eru á landinu. Því til viðbótar heyra undir Þjóðskjalasafn sveitarfélög á svæðum þar sem ekki eru starfandi héraðsskjalasöfn. Þjóðskjalasafn veitir aðgang að skjölum og gögnum sem það hefur í vörslu sinni á grundvelli laga, þar sem hagsmunir og réttindi borgaranna, fyrirtækja og stofnana eru höfð að leiðarljósi.

## Minni íslensks samfélags

Stundum er talað um skjalasöfn og skyldar stofnanir sem „minnisstofnanir" samfélagins (memory institutions). Það á vel við og lýsir menningarlegu hlutverki Þjóðskjalasafns. Það varðveitir heimildir um íbúa landsins, stofnanir þess, stjórnsýslu, atvinnulíf, félagslíf og menningu frá elstu tímum til samtímans.

Rétt meðhöndlun skjala samkvæmt reglum og leiðbeiningum Þjóðskjalasafns er lykillinn að því að skjalasöfn varðveitist til framtíðar. Afhendingarskyldir aðilar, sem fara eftir lögum og reglum, ganga frá gögnum sínum til afhendingar og skila þeim inn til safnsins ásamt skrám og lýsigögnum. Skrárnar fara svo fljótt sem verða má í birtingu í skjalaskrá Þjóðskjalasafns og gögn eru afgreidd til notenda samkvæmt gildandi lögum. Einkaskjöl koma eftir öðrum leiðum og leitast er við að aðstoða þá sem afhenda þau við frágang til að skjölin verði sem best aðgengileg.

Saman mynda opinber skjöl og einkaskjöl minni samfélagsins á Íslandi.Til að tryggja langtímavörslu þessara skjala er hugað að því að varðveisluskilyrði séu eins og best verður á kosið með fyrirbyggjandi forvörslu. Styrkjandi forvörslu er líka beitt þar sem það á við, gert við mikilvæg gögn til að tryggja vörslu þeirra til framtíðar, auk þess sem skönnun og birting skjala á vef er mikilvægur hlekkur í að gera menningararfinn aðgengilegan. Skönnun skjala getur bæði verið til þess ætluð að bjarga upplýsingum á gögnum sem ekki þola meðhöndlun og útlán, sem og til að gera ákveðna flokka skjala aðgengilegri almenningi.

# 2.

## EIRÍKUR G. GUÐMUNDSSON ÞJÓÐSKJALAVÖRÐUR LÆTUR AF EMBÆTTI

Í marsmánuði lét Eiríkur G. Guðmundsson af embætti þjóðskjalavarðar. Eiríkur starfaði í Þjóðskjalasafni frá árinu 2001, framan af sem sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs. Árið 2011 var hann settur þjóðskjalavörður í forföllum Ólafs Ásgeirssonar og skipaður þjóðskjalavörður árið 2012. Eiríkur var sjöundi þjóðskjalavörður Íslands frá því að sá fyrsti var skipaður 1. janúar 1900.

Eiríkur setti, með störfum sínum til 18 ára, mark sitt á þessa gömlu stofnun sem rekur sögu sína allt aftur til ársins 1882. Eitt af fyrstu verkefnum hans var að hafa umsjón með innleiðingu á langtímavarðveislu rafrænna gagna. Í þessari vinnu reyndist vel áhugi hans á norrænu samstarfi sem hann hefur ávallt verið mjög áfram um og hefur styrkt Þjóðskjalasafn alla tíð.

Annað svið sem hann sinnti mikið var miðlun safnkostsins til almennings. Strax og hann tók til



Eiríkur G. Guðmundsson.



Frá kveðjuhófi Eríks G. Guðmundssonar þjóðskjalavarðar.

starfa í Þjóðskjalasafni hóf hann að beita sér fyrir því að birta skjöl með rafrænum hætti í gegnum vefinn. Eitt stærsta verkefnið á því sviði var innsláttur manntala og birting þeirra á manntalsvef Þjóðskjalasafns. Þá má einnig nefna innslátt sóknarmannatala og samkomulag við Family Search um skönnun ýmissa heimilda um Íslendinga.

Í tilefni af fullveldisafmælinu 1. desember 2018 var svo vefurinn heimildir.is opnaður, þar sem birtar voru heimildir úr safnkosti Þjóðskjalasafns. Allt hefur þetta aukið aðgang almennings og fræðimanna að þeim miklu upplýsingum sem varðveittar eru í Þjóðskjalasafni.

Í tíð Eiríks sem þjóðskjalavarðar tók safnið ákveðin skref í átt til nútímans, má þar m.a. nefna innleiðingu nýrrar löggjafar um opinber skjalasöfn árið 2014. Fyrsta stefnumótun Þjóðskjalasafns var einnig sett og gefin út árið 2014 og þannig farið að vinna markvissara að verkefnum safnsins en áður. Þá var nýtt merki Þjóðskjalasafns tekið upp sama ár sem hefur skapað nýja og breytta ímynd fyrir safnið.

Eiríkur vann að því að Manntalið 1703, sem er einn mesti dýrgripur í safnkosti Þjóðskjalasafns, var tilnefnt og tekið inn á lista UNESCO yfir Minni heimsins árið 2013. Eiríkur hefur haft



Eiríkur G. Guðmundsson í heimsókn í Þjóðskjalasafni Skotlands í Edinborg í maí 2003.



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður.

sérstaklega mikinn áhuga á manntalinu 1703 og skrifað ýmsar greinar um það, m.a. hefur safnið gefið út smárit um manntalið á íslensku og ensku. Þá hefur Þjóðskjalasafn, undir forystu Eiríks, staðið fyrir stærstu viðburðum í sögu safnsins, þ.e. ráðstefnu Alþjóða skjalaráðsins (ICA) árið 2015 en þá komu 500 gestir til landsins frá 75 löndum. Þjóðskjalasafn var jafnframt gestgjafi Norrænu skjaladaganna 2018 (Nordiske Arkivdage 2018) en á þá mættu 300 manns.

Eiríkur hefur alla tíð lagt sig fram um að gera veg Þjóðskjalasafns sem mestan í starfi sínu á safninu. Þjóðskjalasafn gekk í gegnum þó nokkrar breytingar á starfstíma Eiríks sem þjóðskjalavarðar og þróaðist í áttina að nútímalegu skjalasafni sem hefur forsendur til að þróast áfram í takt við tímann. Samstarfsmenn á Þjóðskjalasafni þakka Eiríki G. Guðmundssyni fyrir störf sín í þágu safnsins og óska honum velfarnaðar í framtíðinni.

# 3.

# INNRI STARFSEMI

## Stjórnarnefnd

Þjóðskjalasafn Íslands heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ráðuneytið skipar stjórnarnefnd safnsins sem er þjóðskjalaverði til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess.

Stjórnarnefndin veitir þjóðskjalaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

Stjórnarnefnd er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra. Hana skipuðu frá 1. janúar 2019:

### Aðalmenn:

**Anna Agnarsdóttir,**
formaður, skipuð án tilnefningar.

**Guðmundur Jónsson,**
varaformaður, tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

**Jóhanna Gunnlaugsdóttir,**
tilnefnd af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

**Gunnar Örn Hannesson,**
tilnefndur af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

**Svanhildur Bogadóttir,**
tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Gunnar Gíslason,**
tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

### Varamenn:

**Valur Ingimundarson,**
skipaður án tilnefningar.

**Erla Hulda Halldórsdóttir,**
tilnefnd af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

**Ómar H. Kristmundsson,**
tilnefndur af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

**Karen Þóra Sigurkarlsdóttir,**
tilnefnd af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

**Jóna Símonía Bjarnadóttir,**
tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Ágúst Sigurðsson,**
tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.



Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands árið 2019 ásamt Hrefnu Róbertsdóttur þjóðskjalaverði.

Skipurit Þjóðskjalasafns

Frá 1. september 2019




Stjórnarnefndin fundaði þrisvar á árinu 2019, 21. febrúar, 5. júní og 26. nóvember. Fundargerðir stjórnarnefndar eru birtar á vef safnsins **skjalasafn.is**. Á öðrum fundi stjórnarnefndar var nýr þjóðskjalavörður Hrefna Róbertsdóttir boðin velkomin og óskað velfarnaðar í starfi. Hrefna var skipuð í embætti þjóðskjalavarðar frá 1. mars 2019.

## Skipulag og stjórnun

Skipurit Þjóðskjalasafns Íslands sýnir starfsemi stofnunarinnar. Meginsvið eru tvö; rekstrar- og varðveislusvið og skjala- og upplýsingasvið. Fagsviðin eru sex; upplýsingaþjónusta, eftirlit og ráðgjöf, skráning, varðveisla, miðlun og húsnæði. Nýtt skipurit tók gildi 1. september 2019. Markmið breytinganna er að fela fagstjórum meiri ábyrgð í umsjón og verkefnastjórn. Þjóðskjalavörður og sviðsstjórar mynda framkvæmdastjórn sem fundar að jafnaði vikulega.

## Framkvæmdastjórn Þjóðskjalasafns Íslands í árslok 2019:

**Hrefna Róbertsdóttir,**
þjóðskjalavörður

**Anna Elínborg Gunnarsdóttir,**
sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs

**Njörður Sigurðsson,**
sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs

## Starfsemi á árinu

Starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands var fjölbreytt á árinu 2019. Auk hefðbundinnar starfsemi stofnunarinnar var unnið að fjölbreyttum öðrum verkefnum. Má þar nefna vinnu verkefnahópa starfsfólks um úrbætur í starfsemi stofnunarinnar. Hóparnir unnu að því að skoða nýjar leiðir með áherslu á aðgengi að safnkosti, varðveislu, eftirlit og ráðgjöf, miðlun og skráningarmál. Einnig voru unnar aðgerðaáætlanir í húsnæðismálum og starfsmannamálum. Verkefnahóparnir skiluðu tillögum að úrbótaverkefnum í lok maí. Á árinu hefur verið unnið markvisst að því að framkvæma ýmsar hugmyndir sem komu út úr því starfi.

Eins og undanfarin ár tók Þjóðskjalasafn þátt í könnuninni „Stofnun ársins“ og varð í 28. sæti af 44 stofnunum í hópnum „Stofnanir með 20 til 49 starfsmenn“. Heildareinkunn var 4,058 miðað við 3,74 árið 2018. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um ánægju og líðan starfsmanna og hún veitir leiðbeiningar fyrir stjórnendur um hvar má gera betur.

## Rekstrar- og efnahagsreikningur

Samkvæmt bráðabirgðaskýrslu var afkoma Þjóðskjalasafns Íslands í heild jákvæð um 45,2 m.kr. á árinu 2019. Rekstrargjöld ársins námu 455,9 m.kr. Þar af voru tilfærslur, þ.e. greiðslur til héraðsskjalasafna 33,3 m.kr. Tekjur vegna seldrar þjónustu námu 60,7 m.kr. Tekjufært framlag úr ríkissjóði til héraðsskjalasafna var 31,5 m.kr., styrkur til hillukaupa 35,0 m.kr., styrkur vegna framkvæmda á lóð við Ásholt og endurbætur á lestrarsal 12,5 m.kr. og tekjufært framlag úr ríkissjóði 371,9 m.kr. Jákvæð afkoma í árslok er til komin vegna styrks til hillukaupa 35,0 m.kr. (eignfærsla) og styrks til endurbóta á lestrarsal 12,5 m.kr. þar sem ekki náðist að hefja framkvæmdir fyrir lok árs 2019.

## Mannauður og mannaflaþörf

Í árslok 2019 störfuðu 35 starfsmenn hjá Þjóðskjalasafni Íslands, þar af voru sex starfsmenn í hlutastörfum. Ársverk við safnið voru 32,8. Fjöldi kvenna var 15 og fjöldi karla var 20. Á árinu hættu þrír starfsmenn vegna aldurs. Starfsmenn safnsins búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á



Nýr stofnanasamningur var undirritaður á árinu. Efri röð. Gunnar Örn Hannesson, Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Unnar Rafn Ingvarsson. Neðri röð. Hjalti Einarsson fulltrúi Fræðagarðs, Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður og Steinar Lúðvíksson fulltrúi KVH.

sviði skjalavörslu og skjalastjórnar, sem og á sviði stjórnsýslusögu og miðlunar. Meðalaldur starfsmanna í lok árs 2019 var 45 ár. Meðalstarfsaldur starfsmanna er um 9,6 ár og 37% starfsmanna hafa starfað hjá Þjóðskjalasafni lengur en í 10 ár. Háskólamenntaðir starfsmenn eru 83%.

Starfsmenn sóttu endurmenntun af ýmsu tagi á árinu til að viðhalda og auka faglega þekkingu sína. Lögð er áhersla á markvissa upplýsingagjöf

| Rekstraryfirlit (m.kr.) | Raun 2019 | Áætlun 2019 | Frávik |
|---|---|---|---|
| **Sértekjur** | **-60,7** | **-58,5** | **-2,2** |
| Laun og launatengd gjöld | 310,4 | 306,5 | 3,9 |
| Ferðir og fundir | 9,7 | 8,3 | 1,4 |
| Rekstrarvörur | 11,0 | 16,4 | -5,4 |
| Aðkeypt þjónusta | 53,8 | 48,2 | 5,6 |
| Húsnæði | 37,6 | 35 | 2,6 |
| Vextir | 0,1 | 0,1 | 0 |
| Afskriftir | 10,5 | 8,5 | 2,0 |
| Tilfærslur | 33,3 | 36 | -2,7 |
| Framlag ríkissjóðs, styrkur til hillukaupa | -35,0 | 0 | -35,0 |
| Framlag ríkissjóðs, endurbætur á lestrarsal | -12,5 | 0 | -12,5 |
| Framlag ríkissjóðs til héraðsskjalasafna | -31,5 | -31,5 | 0 |
| Framlag ríkissjóðs | -371,9 | -365,2 | -6,7 |
| Rekstrarniðurstaða: | -45,2 | 3,8 | -49,0 |



Starfsmannafundur í Þjóðskjalasafni.

til starfsmanna meðal annars með reglubundnum starfsmannafundum og fréttaskeytum þjóðskjalavarðar. Öskjufundir eru fyrirlestraröð á vegum starfsmannafélags safnsins og á þeim gefst starfsfólki m.a. tækifæri til að kynna rannsóknir sínar.

Þjóðskjalasafn hefur um árabil skort fleira starfsfólk til ýmissa verkefna sem stofnuninni hefur að lögum verið falið að sinna. Samkvæmt mannaflaspá sem gerð var í ársbyrjun 2014 er talið að safnið þurfi á annan tug ársverka til viðbótar. Þessi staða hefur ekki breyst. Var mat þetta byggt á umfangi starfseminnar, því skjalamagni sem safnið varðveitti þá, því skjalamagni sem áætlað var að bærist safninu á næstu árum, stóraukinni rafrænni stjórnsýslu og umsýslu rafrænna gagna, ásamt aukinni miðlun safnkostsins.



Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður ásamt Jóni Torfasyni og Helgu Margréti Reinhardsdóttur sem létu af stöfum á árinu. Jón starfaði á Þjóðskjalasafni í 33 ár og Helga Margrét í 7 ár.

## Húsnæðismál

Stærsta verkefni á húsnæðissviði árið 2019 var uppsetning þéttiskápa í stað opinna hillna í þremur geymslum safnsins. Undirbúningur hófst í febrúarmáuði. Í framhaldi var óskað eftir sérstakri fjárveitingu, frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, til verksins að upphæð 35 m.kr. og fékkst hún samþykkt. Safnkosturinn var settur tímabundið á bretti. Alls var um að ræða 120 vörubretti sem að lokinni uppsetningu var raðað aftur í hillur. Með þeirri aðgerð var hillupláss aukið um 1.451 hm. auk 24 teikningaskápa með samtals 168 skúffum undir teikningar.

Í september fengust upplýsingar um að ekki yrði ráðist í framkvæmdir við svokallað hús 5, gömlu ísgerðina, en þar átti að byggja upp viðbótargeymslur fyrir safnið. Þá var hafist handa við að skilgreina heildarhúsnæðisþörf safnsins á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins. Sú vinna stendur yfir.

## Grænt Þjóðskjalasafn

Þjóðskjalasafn stefnir á að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Markmið umhverfisstefnu safnsins er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi stofnunarinnar með sjálfbærni að leiðarljósi. Í því skyni hefur umhverfisstefna og samgöngustefna verið innleidd. Til að ná þeim markmiðum sem Þjóðskjalasafn hefur sett sér hefur stofnunin unnið að gerð samninga við starfsfólk þar sem þeir sem nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta fá samgöngustyrk. Einnig er unnið að því að auka hlutfall endurnýtanlegs úrgangs sem fellur til á safninu.

Þjóðskjalasafn hyggst innleiða grænt bókhald, vistvæn innkaup og styðjast við umhverfissjónarmið í viðskiptum við birgja og þjónustuaðila. Auk þessa verður starfsfólk í auknum mæli frætt um umhverfismál og það hvatt til að tileinka sér umhverfisvænan lífsstíl. Á árinu var unnið að fjölbreyttum verkefnum sem höfðu það að markmiði að minnka umhverfisspor starfseminnar.

## Græn skref í ríkisrekstri

Þjóðskjalasafn Íslands tekur þátt í verkefninu „Græn skref í ríkisrekstri“. Grænu skrefin eru leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að um-

Hlutfall umhverfismerkts skrifstofupappírs (%)




Skrifstofupappír á hvert stöðugildi (kg.)




Hlutfall umhverfisvænnar prentþjónustu (%)




hverfismálum eftir skýrum gátlistum og fá viðurkenningu eftir hvert skref. Í lok ársins 2019 var innleiðingu við fyrsta skrefið nánast lokið. Áfram verður markvisst unnið að innleiðingu grænu skrefanna.

## Grænt bókhald

Þjóðskjalasafn Íslands hefur hafið vinnu við að færa grænt bókhald til að geta betur fylgst með helstu umhverfisþáttum starfseminnar. Í grænu bókhaldi er fylgst með þeim þáttum í starfseminni sem valdið geta neikvæðum umhverfisáhrifum. Með færslu bókhaldsins er leitast við að tryggja að þróunin verði jákvæð.

Safnið hefur meðal annars tryggt að aðeins sé notaður umhverfisvottaður pappír og skipt sé við umhverfisvottaðar prentsmiðjur. Notkun pappírs á hvert stöðugildi jókst milli ára.

## Jafnlaunavottun

Þjóðskjalasafn Íslands hefur hlotið jafnlaunavottun og leyfi Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerkið 2019–2022. Jafnlaunavottun er staðfesting á að stofnunin starfræki launakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

Jafnlaunavottun felur í sér faglega úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á kjör karla og kvenna. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Jafnlaunavottunin nær til allra starfsmanna stofnunarinnar.

## Persónuverndarfulltrúi Þjóðskjalasafns

Fyrirtækið Dattaca Labs sinnir hlutverki persónuverndarfulltrúa fyrir Þjóðskjalasafn Íslands. Persónuverndarfulltrúinn er óháður og sjálfstæður í störfum sínum og hlutverk hans er að hafa eftirlit með meðferð persónuupplýsinga innan safnsins. Á árinu hóf fulltrúinn innleiðingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

# 4.

# VIÐTAKA OG VARÐVEISLA

Lögum samkvæmt á Þjóðskjalasafn Íslands að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila ríkis og sveitarfélaga sem eru ekki aðilar að héraðs-skjalasafni. Pappírsskjöl á að jafnaði að afhenda þegar þau eru orðin 30 ára gömul en rafræn gögn ekki eldri en fimm ára. Þá tekur safnið við einkaskjalasöfnum, þ.e. frá einstaklingum, félaga-samtökum og fyrirtækjum.

**43.811**
**HILLUMETRAR**
**AF PAPPÍRSSKJÖLUM**

## Afhendingar pappírsskjala

Árið 2019 tók Þjóðskjalasafn við 270 hillumetrum af pappírsskjölum í 152 afhendingum. Umfang afhendinga pappírsskjala til safnsins hefur ekki verið minna frá árinu 2007. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til þess að lengst af á árinu 2019 var ekki tekið við skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila þar sem áætlanir um endurbætur á geymsluhúsnæði Þjóðskjalasafns höfðu ekki staðist. Í september var aftur ákveðið að taka á móti skjalasöfnum en þá var búið að koma upp þéttiskápum í þremur geymslum safnsins sem jók geymslurýmið nokkuð. Þessi viðbót mun þó ekki leysa vandann og viðbúið er að verulegur vandi sé á höndum nema aðrar lausnir komi til í geymslumálum fyrir afhendingar pappírsskjala til safnsins.

Heildarfjöldi pappírsskjala í Þjóðskjalasafni í lok árs 2019 var 43.811 hillumetrar.

**Hillumetrar pappírsskjala í Þjóðskjalasafni 1985–2019**



# 1.007 gb

## AF RAFRÆNUM GÖGNUM

**Fjöldi afhentra rafrænna vörsluútgáfa**




# 124

## GRISJUNARBEIÐNIR BÁRUST

**Grisjunarbeiðnir árið 2019**




## Afhendingar rafrænna gagna

Aldrei hefur borist inn jafnmikið af rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns og árið 2019. Alls voru afhent 1.007 gb. af rafrænum gögnum í 12 afhendingum. Þjóðskjalasafn hefur tekið við alls 40 vörsluútgáfum af rafrænum gögnum frá árinu 2010 þegar rafræn skjalavarsla hófst í safninu. Heildarsafnkostur rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni telur nú um 1.170 gb.

## Grisjunarbeiðnir

Afhendingarskyldir aðilar mega skv. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn ekki eyða neinu skjali í skjalasöfnum sínum nema með heimild þjóðskjalavarðar, í samræmi við reglur sem settar voru á grundvelli laganna eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði. Til þess að fá heimild þjóðskjalavarðar fyrir eyðingu skjala þarf að sækja um hana með svokallaðri grisjunarbeiðni. Frá árinu 2014 og fram á árið 2019 voru allar grisjunarbeiðnir teknar fyrir í grisjunarráði sem var þjóðskjalaverði til ráðgjafar við afgreiðslu slíkra mála.

Fyrirkomulagi við afgreiðslu grisjunarbeiðna var breytt þann 1. apríl og grisjunarráðið sem slíkt lagt niður. Fyrirkomulagið er nú þannig að grisjunarbeiðnir eru afgreiddar af þjóðskjalaverði á afgreiðslufundum sem eru tvisvar í mánuði. Sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs ásamt formanni varðveislu- og grisjunarráðs safnsins, sem ber ábyrgð á ráðgjöf um grisjun til afhendingaskyldra aðila, eru þjóðskjalaverði til ráðgjafar.

Á árinu 2019 bárust Þjóðskjalasafni 124 beiðnir um grisjun skjala og hafa þær aldrei verið fleiri á einu ári. Ástæðuna má að öllum líkindum rekja til meiri meðvitundar afhendingarskyldra aðila á skyldum sínum og að Þjóðskjalasafn birti á árinu upplýsingar um afgreiddar grisjunarbeiðnir á vef sínum. Listinn gefur aðilum vísbendingar um hvers konar gögn hægt er að fá heimild til að eyða úr þeirra eigin skjalasöfnum.

Árið 2019 var eyðing heimiluð í 107 tilvikum en hafnað í tíu tilvikum. Þá voru þrjár beiðnir samþykktar að hluta og fjórar beiðnir bárust þar sem heimild var þegar til staðar og átti því ekki við.

**Samþykktir málalyklar 2008–2019**




**Fjöldi úrskurða eftir árum frá 2016–2019**




## Málalyklar og skjalavistunaráætlanir

Afhendingarskyldir aðilar eiga að nota málalykla til að halda skipulagi á málasafni sínu og skjalavistunaráætlanir til að hafa yfirlit yfir skjalasafnið og allar ákvarðanir sem teknar hafa verið um það. Þjóðskjalasafn samþykkir notkun á málalyklum annars vegar og skjalavistunaráætlunum hins vegar samkvæmt reglum þar um. Árið 2019 var samþykktur alls 51 málalykill og hafa aldrei fleiri málalyklar verið samþykktir af safninu á einu ári.

Aðeins var ein skjalavistunaráætlun samþykkt á árinu. Það er í takt við fyrri ár en þá hafa aðeins ein til tvær skjalavistunaráætlanir borist til samþykktar. Það er mikið áhyggjuefni að afhendingarskyldir aðilar skuli almennt ekki sinna þessum mikilvæga þætti í skjalavörslu og skjalastjórn.

## Rafræn skjalavarsla

Undanfari afhendinga á rafrænum gögnum er að afhendingarskyldir aðilar tilkynni rafræn gagnakerfi sem þeir nota og Þjóðskjalasafn úrskurði svo um varðveislu þeirra og hvenær afhenda skuli vörsluútgáfu gagna úr kerfunum. Á árinu 2019 bárust alls 40 tilkynningar um rafræn gagnakerfi og úrskurðaði safnið um 25 þeirra.

**Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn árið 2019**



## Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila

Árið 2019 stóð Þjóðskjalasafn ekki fyrir sérstökum námskeiðum um skjalavörslu og skjalastjórn fyrir afhendingarskylda aðila eins og undanfarin ár en verulega hefur dregið úr aðsókn á námskeiðin. Í stað þess var lögð áhersla á aukna ráðgjöf til þeirra, útgáfu leiðbeiningarrita og gerð fræðslumyndbanda. Alls svöruðu skjalaverðir safnsins 415 skriflegum fyrirspurnum um skjalavörslu og skjalastjórn á árinu. Langflestar fyrirspurnir voru um rafræna skjalavörslu. Í apríl kom út nýtt leiðbeiningarrit fyrir afhendingarskylda aðila ríkisins um málasafn, málalykil og málaskrá og er það gefið út á vef Þjóðskjalasafns. Þá voru gefin út þrjú ný fræðslumyndbönd á Youtube-rás safnsins um átak í skjalavörslu og skjalastjórn sem og fjögur myndbönd frá vorráðstefnu safnsins um persónuvernd og varðveislu upplýsinga. Undir lok ársins 2019 voru myndbönd á Youtube-rás Þjóðskjalasafns orðin 24 talsins.

*Skjalafréttir*, rafrænt fréttabréf Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn, hefur komið út frá árinu 2014. Áskrifendur undir lok ársins voru 440 en á árinu komu út 12 tölublöð.

## Forvarsla

Eins og síðustu ár var meginverkefni forvörslu árið 2019 undirbúningsvinna vegna skönnunarverkefnis í samstarfi við Family Search. Fyrst þurfti að ástandsskoða skjölin og svo að gera við þau sem ekki stóðust ástandsskoðun.

Vinna við viðgerðir á skjölum sem beðið er um til afgreiðslu á lestrarsal, er eitt af reglubundum verkefnum forvörslunnar. Slík verkefni koma einnig til í tengslum við skráningarverkefni. Bæði er gert við sködduð skjöl til að þau megi lesa, sem og eru bækur mygluhreinsaðar, eftir því sem við á.

Annað reglubundið verkefni forvörslu er að sinna eftirliti í geymslum safnsins t.d. skordýravöktun og umhverfismælingum (hita- og rakastigi). Raka- og hitamælum var komið fyrir í öllum geymslum í húsi 4 og reglulega fylgst með mælingum.

Starfsmenn forvörslu taka þátt í undirbúningi sýninga, uppsetningu þeirra og niðurtöku.



Karen Sigurkarlsdóttir fagstjóri forvörslu við störf á forvörsluverkstæði safnsins.

Meðal sýninga sem settar voru upp á árinu voru **Guðjón Samúelsson húsameistari** (Hafnarborg) og **Sveinn Kjarval – Það skal vanda sem lengi á að standa** (Hönnunarsafn Íslands). Á Safnanótt var sett upp sýning tengd skemmtanalífi í Reykjavík á millistríðsárunum. Þá var reglubundin eftirfylgni með skjölum sem eru í láni á sýningum hjá öðrum stofnunum eins og á sýningunni Sjónarhorn í Safnahúsinu og á grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands.

# 5.

# AÐGENGI OG ÞJÓNUSTA

## Skjalaskrá og einkaskjalasafn.is

Í skjalaskrá Þjóðskjalasafns, sem er aðgengileg öllum á vef safnsins, er að finna upplýsingar um safnkostinn. Enn er einungis hluti skjalasafna Þjóðskjalasafns skráður þar og er stöðugt unnið að því að koma inn eldri skrám. Allar nýjar skrár eru þar aðgengilegar. Á árinu 2019 voru 448 skjalasöfn skráð í rafræna skjalaskrá safnsins sem samtals voru 15.651 skjalaaskja. Ástæðu þessa mikla fjölda má að stórum hluta rekja til þess að á árinu voru skráð skjalasöfn sem tengjast svokölluðu hagsöguverkefni, skjalasöfnum tengdum atvinnu og útvegi frá lokum 18. aldar og fram á 20. öld. Af þeim 448 skjalasöfnum sem voru skráð í rafræna skjalaskrá voru 324 skjalasöfn úr því safni. Færslur í innri skjalaskrá safnsins voru undir lok árs 2019 um 900.000. Í ytri skjalaskrá safnsins eru birtar skjalaskrár fyrir almenning, sem hafa verið yfirlesnar með tilliti til persónuverndarsjónarmiða og var fjöldi færslna í henni um 790.000 í lok árs.

Þjóðskjalasafn rekur vefinn **einkaskjalasafn.is** – samskrá yfir einkaskjalasöfn, en vefurinn er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og héraðsskjalasafna. Á vefnum birtir 21 vörslustofnun upplýsingar um einkaskjalasöfn í vörslu sinni. Undir lok árs 2019 voru birtar þar upplýsingar um rúmlega 7.100 einkaskjalasöfn, þar af rúmlega 1.000 frá Þjóðskjalasafni.

## Skráning og frágangur skjalasafna úr atvinnusögu Íslands

Á haustmánuðum 2018 var hafist handa við skráningu og frágang svokallaðs Hagsögusafns, en vinna við það hafði þá legið niðri í nokkur ár. Hagsöguverkefnið er mikið safn skjala og skjalabóka, er varða verslun og fyrirtækjarekstur á Íslandi. Elstu skjölin eru frá lokum 18. aldar og þau yngstu frá seinni helmingi þeirrar tuttugustu. Þau elstu eru annars vegar Konungsverslunin



Heiðar Lind Hansson skjalavörður vinnur við frágang hagsögugagna.



Jón Torfi Arason skjalavörður og Gunnar Örn Hannesson fagstjóri skráninga fara yfir hagsögugögn.

síðari, 1774-1787 og hins vegar Busch og Paus, Ísafirði. 1795-1819. Yngstu skjölin eru úr skjalasafni Kaupfélags Berufjarðar, Djúpavogi, 1914-1965.

Á sínum tíma var þessum gögnum safnað sérstaklega og fyrirhugað að til yrði sérstök deild í Þjóðskjalasafni þeim helguð. Af því varð ekki og hefur safnið nú verið endurskráð og gert aðgengilegt til notkunar.

Í heild er um að ræða skjalasöfn á fjórða hundrað verslana og fyrirtækja er starfað hafa á Íslandi á þessu rúmlega 250 ára tímabili. Teknar voru saman skjalaskrár fyrir hvern og einn skjalamyndara og eru þær nú loks aðgengilegar á vef Þjóðskjalasafns Íslands. Safnið er varðveitt í um 2.600 skjalaöskjum sem fylla um 290 hillumetra.

Skráning gagnanna er veigamikill áfangi í starfsemi safnsins og mun auðvelda rannsóknir á íslenskri hagsögu.

## Átak í birtingu skjalaskráa sýslumanna

Á árinu var unnið að birtingu á skjalaskrám yfir skjalasöfn sýslumanna. Skjalasöfn þeirra eru afar mikið nýtt af notendum safnsins enda varðveita þau fjölbreytt og mikilvæg gögn. Söfn sýslumanna voru grunnskráð í átaksverkefni fyrir allmörgum árum en ýmissa hluta vegna var nauðsynlegt að endurskoða skráninguna m.a. með tilliti til upplýsingalaga og persónuverndarlaga. Þá fól vinnan í sér prófarkalestur, samræmingu á sniðmáti, villuprófanir og í sumum tilfellum flutning á skjölum sem höfðu verið skráð í ranga skjalaflokka.

Þessi söfn eru mjög umfangsmikil og öll samanlögð telja þau um það bil 160.000 færslur í skjalaskrá. Skjalasafn Bæjarfógeta í Reykjavík og Sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu skera sig úr með rúmlega 50.000 færslur hvort um sig. Í árslok 2019 voru skjalaskrár fyrir allar sýslur, að þessum tveimur undanskildum, komnar í birtingu og vinna við Gullbringu- og Kjósarsýslu langt komin. Áætlað er að verkinu ljúki á vormánuðum 2020. Með birtingu skjalaskránna er aðgengi að söfnunum aukið og afgreiðsla úr þeim auðvelduð.



Skjalasafn Lögregluskóla ríkisins var meðal þeirra skjalasafna sem skráð voru á árinu í Þjóðskjalasafni.

## Útlán og notkun skjala

Árið 2019 voru 5.915 skjalaöskjur pantaðar úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal, til innanhússnota, vegna láns til skjalamyndara eða vegna millisafnalána. Er það talsverð fjölgun frá fyrra ári þegar pantaðar voru 5.365 öskjur og er yfir meðaltali útlána síðustu ára. Fjölgunin á milli ára má að mestu rekja til lána á lestrarsalinn sem voru 3.983 árið 2018 en 4.407 árið 2019.

**1.563**

**SKRIFLEGAR FYRIRSPURNIR**

**Fjöldi askja í útlán 2016–2019**




## Fyrirspurnir vegna safnkosts

Skjalaverðir Þjóðskjalasafns svara fjölbreyttum fyrirspurnum frá viðskiptavinum sem leita upplýsinga í safnkostinum. Fyrirspurnir geta verið mismunandi að umfangi, allt frá einfaldri uppflettingu í gögnum til umfangsmeiri og flóknari vinnu. Skriflegar fyrirspurnir árið 2019 vegna safnkosts voru 1.563 og er það svipaður fjöldi og á fyrra ári.




Kristjana Vigdís Ingvadóttir skjalavörður við vinnu á lestrarsal.

| Skriflegar fyrirspurnir 2019 | Fjöldi |
|---|---|
| Veðmálabækur | 322 |
| Almennar fyrirspurnir | 248 |
| Beiðnir um skjöl háð aðgangstakmörkunum | 229 |
| Einstaklingssaga / æviþættir | 124 |
| Margþættar fyrirspurnir | 100 |
| Bygginga- og skipulagsteikningar | 92 |
| Prestþjónustubækur/sóknarmannatöl | 81 |
| Jarðir og landeignir | 81 |
| Skattframtöl | 67 |
| Vottorð um námsferil | 54 |
| Útlán (skjalamyndarar, millisafnalán o.fl.) | 47 |
| Skipa- og lögskráningar | 39 |
| Samgöngur og farartæki | 24 |
| Atvinnuvegir | 23 |
| Sögulegir viðburðir | 13 |
| Aðrar beiðnir | 19 |
| **Samtals** | **1563** |



## Heimsóknir á lestrarsal

Á lestrarsal Þjóðskjalasafns eru afgreiddar skjalaöskjur sem viðskiptavinir safnsins hafa óskað eftir að fá að skoða. Lestrarsalurinn er opinn alla virka daga ársins frá kl. 10–17 mánudaga til fimmtudaga og kl. 10–16 á föstudögum. Gestir á lestrarsal voru 2.346 árið 2019 og hefur gestum því fjölgað á milli ára en árið 2018 voru gestir 2.236. Eins og á fyrri árum voru karlar í meirihluta gesta eða 74% á móti 26% kvenna.

**Gestafjöldi í lestrarsal 2016–2019**




**Fjöldi gesta í lestrarsal 2017–2019**



# 6.

# RANNSÓKNIR

## Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi

Á árinu gaf Þjóðskjalasafn út verk Bjarkar Ingimundardóttur: *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi I-II*. Björk starfaði sem skjalavörður og sviðsstjóri á Þjóðskjalasafni um áratugaskeið og eru rannsóknir hennar á gögnum kirkjunnar grundvallarverk sem mun nýtast fræðimönnum til frekari rannsókna.

Í bókunum er gerð grein fyrir skipan kirkjumála frá fyrstu tíð, sem heimildir greina, til nútímans. Björk hóf söfnun heimilda um breytingar á prestaköllum, sóknum og prófastsdæmum fyrir um 35 árum þegar hún vann að endurskráningu á skjalasöfnum presta og prófasta. Samhliða bókunum voru gefin út tvö kort yfir sóknarmörk árin 1801 og 1920.



Í formála bókanna skrifar Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður:

*Skjalasöfn kirkna og biskupsstóla, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, eru um 360 hillumetrar og ná frá 12. öld og fram til samtímans. Á árunum 1985-1990 endurskráði Björk Ingimundardóttir skjalavörður skjalasöfn presta og prófasta, setti í nýjar umbúðir og vann jafnframt að rannsóknum á söfnunum og hélt því síðan áfram samhliða öðrum störfum. Markmiðið var ekki síst að benda á fjölþætta möguleika til þessa að nýta skjalasöfn kirkjunnar í heild, rannsaka þau og vekja athygli á skjölunum sem grundvallarheimildum um fjölmörg svið samfélagsins. Auk skjalaskrárinnar sjálfrar var verkefnið rannsókn á því hvar mörk sókna, prestakalla og prófastsdæma lágu og hvernig þau hafa breyst í aldanna rás. Sú rannsókn birtist hér í tveimur bindum.*

Björk Ingimundardóttir á mikinn heiður skilinn fyrir framlag sitt til fræðilegra rannsókna og er henni óskað innilega til hamingju með útgáfu ritverksins.

## Landsnefndin fyrri 1770–1771

Vinnu var haldið áfram við útgáfu á skjölum Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771 og kom fjórða bindi verksins út í byrjun nóvember. Þetta er stór heimildaútgáfa í sex bindum þar sem allt skjalasafn Landsnefndirnnar fyrri verður gefið út. Landsnefndin dvaldi á Íslandi frá sumri 1770 og fram á haust 1771 og safnaði upplýsingum um aðstæður í landinu frá jafnt háum sem lágum. Hún skildi jafnframt eftir sig heilmikið skjalasafn, rúmar 4.200 handritaðar síður, sem gefur mjög áhugaverða innsýn í íslenska 18. aldar samfélagið.

Í þessu fjórða bindi eru birt bréf og greinargerðir sem nefndinni bárust frá átta æðstu embættismönnum landsins. Það eru lögmennirnir Sveinn Sölvason og Björn Markússon, varalögmennirnir




Jón Ólafsson og Magnús Ólafsson, landfógeti Skúli Magnússon, Ólafur Stefánsson amtmaður og biskuparnir Gísli Magnússon á Hólum og Finnur Jónsson í Skálholti. Með útkomu þessa bindis er lokið við að birta allt efni sem nefndinni barst frá Íslendingum á meðan hún dvaldist í landinu.

Síðustu tvö bindin sem eru óútkomin innihalda greinargerðir og vinnugögn nefndarinnar sjálfrar. Auk þessa er birt í bindinu ein fræðigrein eftir danska sagnfræðinginn Leon Jespersen sem setur Landsnefndina í samhengi við strauma og stefnur í Danmörku. Verkefnið er unnið í samvinnu við Sögufélag og Ríkisskjalasafnið í Danmörku og nýtur góðs styrks frá Augustinusfonden í Danmörku.

## Yfirrétturinn á Íslandi 1563–1800

Þann 18. nóvember 2019 samþykkti Alþingi að ganga til samstarfs við Þjóðskjalasafn Íslands og Sögufélag um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar 2020. Alþingi samþykkti að styðja útgáfuna fjárhagslega um 10 m.kr. árlega næstu tíu ár (ályktun 2/150, 2019–2020).

Yfirrétturinn var æðsti dómstóll landsins frá stofnun hans 1563 til þess að hann var lagður niður með stofnun Landsyfirréttar aldamótaárið 1800. Dómar Yfirréttarins, og ekki síður málsskjöl sem þeim tengjast, eru ómetanlegar heimildir um íslenskt samfélag á þeim tíma.

Fyrsta bindi bókaflokksins: *Yfirrétturinn á Íslandi: dómar og skjöl* kom út árið 2011 en útgáfan hefur legið niðri síðan þá. Það er því mjög ánægjulegt að geta tekið þráðinn upp að nýju. Gert er ráð fyrir að heildarverkið verði tíu bindi. Áætlað er að annað bindið komi út árið 2021 og síðan komi bindi út árlega uns verkinu er lokið.

## Þjóðlendurannsóknir

Á starfsárinu 2019 var í Þjóðskjalasafni unnið við gagnaöflun vegna meðferðar óbyggðanefndar á þremur landssvæðum. Í fyrsta lagi svæði 9B, sem er Snæfellsnes ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandarhreppi. Í öðru lagi svæði 10A, Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi og loks í þriðja lagi svæði 10C, Barðastrandarsýslur. Óbyggðanefnd kvað upp úrskurði um svæði 9B, Snæfellsnes í ágústmánuði en gagnaöflun Þjóðskjalasafns vegna svæðis 10A, Strandasýslu lauk í desember. Gagnaöflun vegna svæðis 10C, Barðastrandasýslur lýkur um mitt ár 2020.



Þórunn Guðmundsdóttir skjalavörður vinnur við þjóðlendurannsóknir.



Nýr samningur við óbyggðanefnd var undirritaður á árinu. Efri röð. Erna Erlingsdóttir, Þorsteinn Magnússon, Ólafur Arnar Sveinsson, Anna Elínborg Gunnarsdóttir. Neðri röð. Ása Ólafsdóttir, formaður óbyggðanefndar og Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður.

Þrátt fyrir að ekki væri um margar jarðir að ræða á svæði 10A, Strandasýslu þá tók gagnaöflun vegna svæðisins umtalsverðan tíma. Það stafaði m.a. af því að fjöldi kirkna með möguleg réttindi á svæðinu voru sex talsins, en yfirferð á gögnum vegna kirknanna náði yfir heimildir eins og biskups- og prófastsvísitasíur úr fimm sýslum. Gögn voru mynduð og eftir atvikum skrifuð upp en allt í allt var uppskriftum skilað úr 12 gagnaflokkum yfir óprentuð frumgögn. Tekin var saman söguleg greinargerð uppá ríflega 85 blaðsíður.

**130.000**

**FÆRSLUR Í DÓMABÓKAGRUNNI**

## Efnisskráning dóma- og þingbóka sýslumanna

Efnisskráning á dóma- og þingbókum sýslumanna árið 2019 náði til tæplega 60 bóka úr þremur sýslum, þ.e. Ísafjarðarsýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu. Skráningu bóka úr Ísafjarðarsýslu lauk í maímánuði, en efnisskráningu bóka úr Múlasýslum lýkur á fyrri hluta árs 2020. Í framhaldinu verður hafist handa við skráningu bóka úr Gullbringu- og Kjósarsýslu. Við árslok 2019 var fjöldi færslna í grunninum tæplega 130.000. Gagnagrunnur yfir dóma- og þingbækur er aðgengilegur á vefnum **domabaekur.manntal.is** og auðveldar grunnurinn leit að einstökum dómsmálum og hefur þegar skilað fjölda rannsókna sem tengjast þessum gögnum.

# 7.

# MIÐLUN

## Vefsíður Þjóðskjalasafns

Þjóðskjalasafn stendur fyrir umfangsmikilli miðlun gagna sem safnið varðveitir. Ríflega 20.000 notendur heimsóttu aðalvef safnsins á árinu, örlítið færri en árið áður. Þann 1. desember 2018 opnaði nýr vefur safnsins: **heimildir.is**. Hann hefur það hlutverk að veita aðgang að ýmsum stafrænum gögnum. Þar er til dæmis veittur aðgangur að öllum prestsþjónustubókum og sóknarmannatölum í sérstakri vefsjá. Dregið hefur úr notkun á vefsíðunni **manntal.is** og kemur það eflaust að mestu til af því að kirkjubækur og sóknarmannatöl eru nú aðgengileg á vefsjá kirkjubóka. Auka þarf kynningu á þeim gögnum sem eru nú orðin aðgengileg á vefnum og verður það verkefni komandi ára að auka stafræna miðlun og kynningu á þeim.

**Notendur á vefum skjalasafnsins**




**Innlit á vefi skjalasafnsins**





Cindy og Allan Lee störfuðu að skönnun og ljósmyndun skjala á árinu 2019.

Safnið nýtir sér facebook, til að miðla margvíslegu efni, bæði til að auka þekkingu almennings á skjölum og skjalavörslu og til að miðla því fjölbreytta efni sem varðveitt er í safninu. Um áramót voru 3.097 einstaklingar sem fylgdu Þjóðskjalasafni á facebook, sem er veruleg aukning frá fyrra ári.

## Skönnunarverkefni í samstarfi við Family Search

Í ársbyrjun 2019 hófu hjónin Allan og Cindy Lee störf við stafræna afritun í Þjóðskjalasafni Íslands samkvæmt samningi safnsins við Family Search í Bandaríkjunum. Þau störfuðu á safninu allt árið en ráðgera að ljúka vinnu sinni á vormánuðum 2020.

Unnið var afritun manntala og ákveðinna gagna úr sýsluskjalasöfnum. Þau gögn sem þar liggja til grundvallar eru dómabækur, skiptabækur, skiptaskjöl, manntalsgjaldabækur, dánar- og legorðsskjöl og vesturfaraskrár.

Í ljós kom að skiptaskjöl, sem eru hluti sýsluskjalasafnanna, krefjast meiri undirbúnings fyrir afritun og því var afritun þeirra frestað um óákveðinn tíma. Þó náðist að ljúka afritun skiptaskjala úr Múlasýslum, Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

## Gagnagrunnur fyrir gömul vegabréf og reisupassa

Á árinu vann Emil Gunnlaugsson sagnfræðinemi að verkefni sem fólst í skráningu vegabréfa og reisupassa á 18. og 19. öld sem varðveitt eru í skjalasafni Bæjarfógetans í Reykjavík. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna

**Stafræn afritun árið 2019 – Fjöldi síðna**





Emil Gunnlaugsson sagnfræðinemi vann að rannsókn á gömlum vegabréfum og reisupössum í safninu.

hjá Rannís og afrakstur þess birtur á vefsíðunni **heimildir.is/vegabref**. Um frumrannsókn var að ræða enda hefur þessum heimildaflokki lítt verið sinnt. Þó er þar að finna merkilegar heimildir um flutninga fólks, bæði innanlands sem utanlands á fyrri öldum. Auk skrárinnar er hægt að lesa á vefsíðunni grein um þróun vegabréfaútgáfu á Íslandi.

## Samstarfsverkefni um sáttabækur

Í mars 2019 hófst samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra vegna sáttabóka. Verkefnið nýtur styrkja á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar 2018–2024 en því er stýrt af rannsóknasetrinu sem annast stafræna afritun og efnisskráningu sáttabóka. Verkþættir Þjóðskjalasafns felast í að leggja til skráningarupplýsingar um gögnin, gagnagrunn til vistunar gagnanna og að lána sáttabækur sem varðveittar eru í Þjóðskjalasafni. Skráningargögnin eru vistuð í gagnagrunni, sem er samsvarandi dómabókagrunni sýslumanna, enda um sams konar gögn og oft sömu mál að ræða. Myndir af sáttabókum safnsins munu verða birtar á vefsíðu Þjóðskjalasafns og verða því gögn og skráningarupplýsingar verkefnisins gerðar aðgengilegar á vef safnsins.

## Skönnun á jarðskjálftasíritum

Undanfarin ár hefur Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands unnið að því að gera jarðskjálftasírit (seismograms) aðgengileg á vef sínum. Jarðskjálftamælar eru staðsettir víða um land. Nú eru gögnin sem þeir safna á stafrænu formi en lengi vel voru þau á pappír. Elstu gögnin eru frá árinu 1910 en þau yngstu frá 2010. Gríðarlegt magn pappírsafrita eru því varðveitt og undir lok árs var búið að skanna tæplega 138.000 blöð, sem er líklega tæplega helmingur gagnanna. Stærstur hluti þeirra er varðveittur í Þjóðskjalasafni Íslands. Tilgangurinn er að geta nýtt þessi gögn til rannsókna og hefur Jarðvísindastofnun sett upp vefinn **seismis.hi.is** þar sem hægt er að skoða afraksturinn.



Jarðskálftasírit frá 17. júní árið 2000 í Vestmannaeyjum.




Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður og Jóna Símonía Bjarnadóttir héraðsskjalavörður Ísfirðinga.

## Skráningarverkefni á Ísafirði

Frá árinu 2011 hefur Þjóðskjalasafn staðið fyrir skráningarverkefni á Ísafirði í samvinnu við Héraðsskjalasafnið á Ísafirði. Unnið hefur verið að skráningu sóknarmannatala og unnið er að birtingu þeirra á vefnum **salnaregistur.manntal.is**. Á árinu unnu um tvö stöðugildi að að innslætti sóknarmannatala úr Eyjafjarðarsýslu og er því lokið skráningu sóknarmannatala í Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslum og Múlasýslum. Með innslætti á sóknarmannatölum verður til leitarbær gagnagrunnur sem mun auðvelda verulega notkun á þessum mikilvægu heimildum.

## Heimild mánaðarins

Heimild mánaðarins er birt á vefsíðu safnsins og á facebooksíðu þess. Þar er varpað ljósi á einstakar heimildir bæði til gagns og gamans. Gott heimildasafn stuttra greina um fjölbreytt efni sem varðveitt er í safninu er nú komið á vefinn.

**Heimild mánaðarins árið 2019**

| Mánuður | Höfundur texta | Titill |
|---|---|---|
| Janúar | Gísli Baldur Róbertsson | Hvalbrot og blóðtökutygi. |
| Febrúar | Njörður Sigurðsson | Afmæliskveðja Kjarvals til Jónasar frá Hriflu. |
| Mars | Árni Jóhannsson og Heiðar Lind Hansson | Þegar íslenska körfuboltalandsliðið fór næstum því á fund Bandaríkjaforseta. |
| Apríl | Gunnar Örn Hannesson | Æfir lærðra manna. |
| Maí | Gísli Baldur Róbertsson | Milliliðalaus embættisveiting. Saga frá seinni hluta 17. aldar. |
| Júní | Unnar Rafn Ingvarsson | Íslenskt lýðveldi 75 ára. |
| Júlí | Unnar Rafn Ingvarsson | Teikningar Guðjóns Samúelssonar að Háskóla Íslands 1915. |
| Ágúst | Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir | Ákæra Páls Hanssonar á hendur hreppsnefndinni í Kleifahreppi 1901. |
| September | Árni Jóhannsson og Heiðar Lind Hansson | Íslandsmótið í körfuknattleik endurtekið. |
| Október | Gísli Baldur Róbertsson | Ráðagerðir um súpu Rumfords greifa í íslenska aska undir lok 18. aldar. |
| Nóvember | Gunnar Örn Hannesson | Bréfhausar úr Hagsögusafni. |
| Desember | Gísli Baldur Róbertsson | „[A]l kongens krigsmagt til lands og vands er nu samlet“. Fréttir af vígbúnaði Dana 1762. |

# 8.

# SÝNINGAR, VIÐBURÐIR OG MÓTTAKA HÓPA

Árið 2019 komu allmargir hópar í kynnisferðir í Þjóðskjalasafn. Nemendahópar eru þar algengastir. Einn hópur kom úr grunnskóla en Snælandsskóli í Kópavogi hefur um nokkurt skeið komið í reglulegar heimsóknir, fengið stutta kynningu og skoðað skjöl. Nemendur úr Menntaskólanum við Hamrahlíð hafa um árabil komið og kynnt sér safnið í tengslum við áfanga í sögu og ritgerðasmíð. Fjölmennustu hóparnir eru hins vegar nemendur háskólanna.

Sagnfræðinemar og upplýsingafræðinemar við Háskóla Íslands komu í árlega heimsókn og kynntu sér safnkost safnsins. Alls komu fjórir nemendahópar í heimsókn frá Listaháskóla Íslands sem voru að vinna að  ólíkum verkefnum. Fjölmennasti nemendahópurinn var hins vegar nemar í  heilbrigðisgagnafræði við Háskóla Íslands, alls um 100 nemendur.

Þá hafa ýmsir hópar áhugafólks, stofnana og fyrirtækja komið í heimsókn. Í heimsóknunum er tækifæri til að ræða um mikilvægi skjala og heimilda, skjalavörslu og skjalastjórn auk þess sem gestirnir fá innsýn inn í fjölbreytta starfsemi safnsins. Um 600 manns komu á safnið á árinu og rituðu nafn sitt í gestabók þess.

## Sýningar utan safnsins

Óskir um að gögn, sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni, séu lánuð tímabundið til sýninga hefur fjölgað mjög á síðustu árum. Á árinu voru settar upp umfangsmiklar sýningar þar sem gögn úr Þjóðskjalasafni gegna mikilvægu hlutverki. Má þar nefna sýningar á starfi Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins, sem sett var upp í Hafnarborg í Hafnarfirði og sýningu um Svein Kjarval, innanhúsarkitekt, sem sett var upp í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ. Þá voru lánuð gögn er vörðuðu Guðmundar- og Geirfinnsmálin til Royal Photographic Society í Bristol á Englandi. Strangar reglur gilda um lán á slíkum gögnum og eru gerðar miklar kröfur til sýningarstaða, bæði hvað varðar aðbúnað gagnanna, aðgang að þeim og öryggisbúnað í sýningarými.



Nemendur í Listaháskólanum fá fræðslu um stjórnarskrár Íslands.



Fjölmenni var á Vorráðstefnu Þjóðskjalasafns 14. maí.

## Safnanótt

Að venju tók Þjóðskjalasafn þátt í Safnanótt í febrúarmánuði. Að þessu sinni var ákveðið að feta nýja braut og bar dagskrá safnsins heitið **Crazy Nights,** eða trylltar nætur. Þar var vísað til skemmtanalífs í Reykjavík á millistríðsárunum og þeirrar djassöldu sem reið yfir Reykjavík á þeim árum.

Fluttir voru fyrirlestrar, m.a. um skemmtanalíf í Reykjavík á millistríðsárunum og ólöglega vínsölu. Þá kynnti Verharður Linnet djassáhugamaður djassböndin á Hótel Borg og hafði sér til liðsinnis hljómsveit frábærra tónlistarmanna sem lék lög frá þeim viðburðaríku árum.

## Norræni skjaladagurinn

Að þessu sinni var ákveðið að halda ekki sérstaka dagskrá í Þjóðskjalasafni á Norræna skjaladaginn sem haldinn er annan laugardag í nóvember. Hins vegar var að venju útbúin vefsíða þar sem héraðsskjalasöfnin og Þjóðskjalasafn setja inn margvíslegt efni sem tengdist yfirskrift dagsins. Að þessu sinni var yfirskriftin: Geymt en ekki gleymt. Gafst söfnunum þar tækifæri til að setja efni inn á vefinn **skjaladagur.is** og er þar að finna mikið magn af stuttum fróðleiksmolum með efni sem finna má í skjalageymslum safnanna.

## Vorráðstefna Þjóðskjalasafns

Þann 14. maí fór fram fyrsta vorráðstefna Þjóðskjalasafns Íslands en ætlunin er að hún verði að árlegum viðburði þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt verkefni í skjalavörslu og skjalastjórn. Efni ráðstefnunnar var persónuvernd og varðveisla upplýsinga og voru frummælendur Árni Jóhannsson skjalavörður á Þjóðskjalasafni, Kristín Benediktsdóttir dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Þórður Sveinsson skrifstofustjóri hjá Persónuvernd og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Aðsókn að ráðstefnunni var vonum framar en yfir 200 manns skráðu sig til leiks. Vegna þessa þurfti að flytja ráðstefnuna frá Þjóðskjalasafni yfir í stærri ráðstefnusal hjá Icelandair hótel Reykjavík Natura. Upptökur



Frá Safnanótt árið 2019.



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Björk Ingimundardóttir sagnfræðingur, Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands og Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður.

af fyrirlestrunum voru svo gerðar aðgengilegar á Youtube-rás Þjóðskjalasafns um mánuði síðar.

## Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að halda sérstakan Rannsóknadag að hausti þar sem kynnt voru þau rannsóknaverkefni sem unnin eru af starfsfólki Þjóðskjalasafns en einnig önnur verkefni sem nýta sér safnkost Þjóðskjalasafns að miklu leyti við rannsóknirnar. Rannsóknadagurinn var formlegur útgáfudagur rits Bjarkar Ingimundardóttur fyrrverandi skjalavarðar: *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi I-II.* Var fjallað um ritið frá ýmsum hliðum og þær afurðir sem orðið hafa til vegna rannsókna Bjarkar. Má þar nefna kort þar sem breytingar á prestaköllum eru sýndar og viðamikinn orðabanka þar sem skýrð eru ýmis orð og hugtök í kirkjulegum heimildum.



Bæklingur sem var gerður í tilefni rannsóknadagsins.

Að auki voru á Rannsóknadeginum kynnt ýmis önnur verkefni sem unnið er að á vegum safnsins eða í samstarfi við það. Þar fjallaði Njörður Sigurðsson sviðsstjóri um sameiginlegan menningararf í skjalasöfnum og Dönsku sendinguna 1928. Kristjana Kristinsdóttir flutti erindi um lénið Ísland 1541-1683. Páll Einarsson prófessor emeritus fjallaði um söguleg jarðskjálftasírit og notkun þeirra við rannsóknir. Emil Gunnlaugsson sagnfræðinemi skýrði frá verkefni sínu um vegabréf á 19. öld. Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir fjallaði um útgáfu á skjölum Landsnefndarinnar fyrri 1770-1771. Ólafur Arnar Sveinsson ræddi um dómabókagrunn sýslumanna 1650-1930 og Már Jónsson prófessor skýrði frá gerð gagnagrunns yfir dánarbú, sem byggð er á gögnum í Þjóðskjalasafni.

# 9.

## SAMSTARF OPINBERRA SKJALASAFNA

Opinber skjalasöfn, þ.e. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn, hafa með sér ýmiss konar samstarf. Frá árinu 2016 hefur samráðshópur opinberra skjalasafna, sem í sitja tveir fulltrúar frá héraðsskjalasöfnum og tveir frá Þjóðskjalasafni, fundað um sameiginleg málefni safnanna. Á árinu 2019 fundaði samráðshópurinn einu sinni.

Árlegur vorfundur opinberra skjalasafna var haldinn í Þjóðskjalasafni Íslands 4.-5. apríl undir yfirskriftinni: Hvernig eflum við opinber skjalasöfn? Á fundinum var m.a. rætt um hlutverk samráðshóps opinberra skjalasafna, söfnun einkaskjalasafna, skjalasöfn hreppstjóra og hreppsnefnda, rannsóknir hjá opinberum skjalasöfnum, eftirlit Þjóðskjalasafns með starfsemi héraðsskjalasafna, úrbótaáætlanir héraðsskjalasafna, frumkvæðisskyldu opinberra skjalasafna, eftirlit og sjálfstæði opinberra skjalasafna, fræðslu Þjóðskjalasafns vegna lögbundinna verkefna héraðsskjalasafna og frumkvæðisathuganir opinberra skjalasafna. Mæting á fundinn var góð og var hann einnig sendur út með fjarfundabúnaði.

Þjóðskjalasafn stóð fyrir sérstöku námskeiði um rafræna skjalavörslu fyrir sjö héraðsskjalasöfn á Norður- og Austurlandi þann 11. júní. Þá veitti safnið fræðslu til fimm héraðsskjalasafna á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi um rafræna skjalavörslu þann 6. mars.

| **Styrkir til héraðsskjalasafna vegna skönnunar og miðlunar** | | |
|---|---|---|
| Verkefnastyrkur 2019 | Verkefni | Upphæð |
| Héraðsskjalasafn Árnesinga | Gjörðabækur sveitarstjórna | 1.000.000 |
| Héraðsskjalasafn Árnesinga | Gjörðabækur ungmennafélaga | 700.000 |
| Héraðsskjalasafn Árnesinga | Gögn sýslunefndar Árnessýslu | 1.500.000 |
| Héraðsskjalasafn Suður-Þingeyinga | Gjörðabækur sveitarstjórna | 1.200.000 |
| Héraðsskjalasafn Suður-Þingeyinga | Sveitablöð | 900.000 |
| Héraðsskjalasafn Akureyrar | Bréfabækur sveitarfélaga | 2.000.000 |
| Héraðsskjalasafn Akureyrar | Manntalsbækur | 1.200.000 |
| Héraðsskjalasafn Austfirðinga | Gögn sveitarfélaga | 2.000.000 |
| Borgarskjalasafn | Elstu skjöl Reykjavíkur | 1.200.000 |
| Borgarskjalasafn | Manntalsbækur | 1.200.000 |
| Borgarskjalasafn | Fundargerðarbækur | 1.100.000 |
| Héraðsskjalasafn Skagfirðinga | Skönnun hreppsnefndabóka | 500.000 |
| Héraðsskjalasafn Borgfirðinga | Skönnun hreppsbóka | 500.000 |
| Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar | Ungmennafélagið Afturelding | 700.000 |
| Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar | Ýmsar heimildir | 600.000 |
| **Samtals:** | | **16.300.000** |



Frá heimsókn þjóðskjalavarðar til Dalvíkur.

## Styrkir til héraðsskjalasafna

Í fjárlögum ársins 2019 var fjárveiting til héraðsskjalasafna 31,5 m.kr. Þar af var rekstrarframlag 15,2 m.kr. og verkefnastyrkur 16,3 m.kr.

Beint rekstrarframlag ríkisins til héraðsskjalasafna skiptist þannig að helmingur framlagsins skiptist á öll söfnin 20. Hinn helmingurinn skiptist jafnt á milli þeirra héraðsskjalasafna sem hafa heilt stöðugildi eða meira. Á árinu 2019 voru 16 héraðsskjalasöfn með heilt stöðugildi eða meira. Rekstrarframlagið er greitt í fjórum greiðslum, í febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. október.

Frá áramótum 2016 var Þjóðskjalasafni Íslands falið, skv. fjárlögum, að úthluta verkefnastyrkjum til héraðsskjalasafna til skönnunar og miðlunar valinna skjalaflokka. Safnið skipulagði verkefnið með því að móta reglur og almenna skilmála um styrkveitingar og útbjó umsóknareyðublað. Við úthlutun styrkja 2019 höfðu umsóknir um skönnun og miðlun skjala sem eru frá því fyrir 1939 forgang við úthlutun.

Af þeim 22 umsóknum sem bárust frá 8 héraðsskjalasöfnum voru 15 umsóknir samþykktar.

## Heimsóknir á héraðsskjalasöfn

Árið 2019 fóru þjóðskjalavörður ásamt sviðsstjóra skjala- og upplýsingasviðs í heimsóknir til tíu héraðsskjalasafna. Heimsótt voru söfnin á Egilsstöðum, Neskaupstað, Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð, Sauðárkróki, Hvammstanga, Ísafirði, Borgarnesi og Akranesi. Á fundunum var rætt um ýmis mál sem tengjast starfsemi héraðsskjalasafna og samstarfi opinberu skjalasafnanna. Heimsóknirnar voru afar ánægjulegar og verður ferðunum haldið áfram á nýju ári.

# 10.

## KENNSLA Í SKJALFRÆÐI

Skjalfræði er námsleið sem hefur verið í boði sem aukagrein í BA-námi í sagnfræði við Háskóla Íslands. Umsjón með náminu og kennslu hefur Kristjana Kristinsdóttir, lektor í skjalfræði og fagstjóri eftirlits og ráðgjafar á Þjóðskjalasafni. Á árinu 2019 voru kennd tvö námskeið: Skjalavarsla á 21. öld, og Skjalasöfn og skjalavarsla. Þá var boðið upp á vettvangsnám í Þjóðskjalasafni. Auk Kristjönu kenndi Njörður Sigurðsson námskeiðið Skjalavarsla á 21. öld.

Á árinu var unnið að því að breyta námsleið í skjalfræði í diplómanám. Námsleiðin var samþykkt af háskólaráði í byrjun árs 2020 og mun kennsla hefjast á nýrri námsleið haustið 2020.




Í náminu er farið yfir klassískar og nýjar aðferðir við stýringu gagna allt frá því þau verða til og þar til þeim er komið fyrir til varanlegrar geymslu eða eytt. Jafnframt er fjallað um aðgengi að opinberum upplýsingum og lögð áhersla á gildi og notkun gagna sem heimildir til rannsókna.

**Markmið**

Markmið námsins er að nemendur fái góða yfirsýn yfir alla þætti skjalavörslu og skjalastjórnar og öðlist jafnframt færni til að starfa sem skjalaverðir og skjalastjórar. Auk þess er það markmið að auka færni nemenda til að nota frumheimildir við rannsóknir. Grunnþáttur í skjalavörslu og skjalastjórn er að þekkja til starfshátta og aðferða fortíðar til að geta áttað sig á hvernig staðið er að málum í nútímanum, þ.m.t. rafrænni skjalavörslu og aðferðum við varðveislu slíkra gagna sem og leitaraðferðum í skjalasöfnum.

**Kennsluhættir**
Kennsla í skjalfræði fer fram í fyrirlestrum, samræðuformi og semínaræfingum. Tímasókn er mikilvæg en því aðeins hafa menn gagn af henni að þeir komi vel undirbúnir og frumskilyrði er að hafa lesið þá texta sem fjalla á um hverju sinni. Námið er kennt í fjarnámi eins og kostur er. Það gefur starfsfólki í atvinnulífinu meiri möguleika að geta sótt námið.

**Húsnæði**
Kennsla í sagnfræði fer bæði fram í Árnagarði og Þjóðskjalasafni Íslands. Skrifstofur kennara eru í Árnagarði , Nýja Garði og Þjóðskjalasafni.

**Félagslíf**
Nemendafélag sagnfræðinema heitir Fróði. Félag sagnfræðinema. Félagið á sér langa sögu og er á vegum þess rekið tímaritið Sagnir auk þess sem það sér um skemmtanir sagnfræðinema.

**Námsleiðir í skjalfræði**
Viðbótardiplóma til 30 eininga: Aðgang að náminu hafa allir sem lokið hafa BA-, BS- eða Bed-námi í einhverri grein. Námsframboð miðar við að hægt sé að ljúka diplóma í hagnýtri skjalfræði á einu ári. Skyldunámskeið eru samanlagt 16 einingar. Að öðru leyti eru námskeið valfrjáls.

**Hagnýtt gildi**
Viðbótardiplóma í hagnýtri skjalfræði hefur hagnýtt og almennt menntunargildi og nýtist fólki vel sem starfar við skjalavörslu og skjalastjórn og vill styrkja sig í starfi eða hefur áhuga á að starfa við skjalavörslu og skjalastjórn hjá hinu opinbera, hvort sem er við skjalavörslustofnun, stofnunum og sveitarfélögum eða í einkageiranum.

Nánari upplýsingar á sagnheim.hi.is og kennsluskra.hi.is.

# 11.

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Þjóðskjalasafn Íslands tekur þátt í fjölbreyttu alþjóðlegu samstarfi. Þjóðskjalasafni er mikilvægt að læra af kollegum í öðrum löndum og sérstaklega hefur það reynst dýrmætt að eiga í samstarfi við skjalasöfnin á Norðurlöndunum enda er lagaumgjörð skjalasafnanna og verkefni þeirra afar svipuð. Nokkrir starfsmenn safnsins fóru í kynnisferðir til Danmerkur og Svíþjóðar á árinu og kynntu sér m.a. rafræna skjalavörslu, upplýsingaþjónustu, öryggismál og miðlun. Eitt af sameiginlegum verkefnum norrænu skjalasafnanna er útgáfa á tímaritinu *Nordisk Arkivnyt*, en útgáfan er rafræn á sameiginlegum vef þjóðskjalasafnanna **nordiskarkivportal.org**.

Þjóðskjalaverðir Norðurlandanna hittast reglulega og ræða sameiginlegar áskoranir og verkefni, tveir fundir þjóðskjalavarða voru haldnir á árinu í ágúst og desember.

Árleg ráðstefna Alþjóða skjalaráðsins ICA (International Council on Archives) var haldin í Adelaide í Ástralíu. Yfirskrift hennar var: Designing the Archives og hittust þar um 620 fulltrúar frá 75 löndum. Fulltrúar Þjóðskjalasafns voru þau Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri.



Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður á ráðstefnu ICA 2019 í Adelaide í Ástralíu.



Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs á ráðstefnu ICA 2019 í Adelaide í Ástralíu.

Njörður Sigurðsson stýrir einum af sérfræðihópum Alþjóða skjalaráðsins: Expert Group on Shared Archival Heritage. Verkefni sérfræðihópsins eru að skapa vettvang til umræðu og stuðla að úrlausn vandamála og ágreinings um skjalasöfn sem tengjast fleiri en einu samfélagi, ríki eða svæði þar sem eignarhald og aðgangur er óviss eða í ágreiningi. Þetta vandamál þekkjum við Íslendingar raunar vel vegna deilna við Dani um handrit og önnur skjöl. Í Adelaide kynnti Njörður á FAN fundi þjóðskjalavarða heimsins (Forum of National Archivists) helstu niðurstöður úr könnun sem sérfræðihópurinn gerði á heimsvísu um stöðu þessara mála, auk þess sem Njörður og James Lowry, lektor við Háskólann í Liverpool, héldu námskeið um kortlagningu skjalasafna með tilliti til uppruna þeirra. Þá tóku fulltrúar Íslands þátt í vestnorræni málstofu um sameiginlega menningararfleið í skjölum ásamt Grænlandi, Færeyjum og Noregi.

# 12.

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og gilda til ársins 2030. Heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðar og hagsældar. Með henni er leitast við að stuðla að friði um heim allan og auknu frelsi.
Hér má sjá hvernig Þjóðskjalasafn tengir starfsemi sína við Heimsmarkmiðin fyrir árið 2019.




- Kaupum inn sanngjarnt framleiddar vörur, t.d. kaffi




- Engin matarsóun




- Samgöngusamningar
- Heilsueflingarmánuður
- Íþróttastyrkir
- Hjólavottun
- Vinnuvernd
- Heilsutengdir fyrirlestrar




- Markviss starfsþróun
- Starfsmanna- og starfsþróunarsamtöl
- Rannsóknarleyfi
- Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar
- Framlag Þjóðskjalasafns til háskólamenntunar
- Áhersla á hæft og vel menntað starfsfólk




- Jafnlaunavottun
- Jafnréttisstefna




- Fylgist með vatnsnotkun




- Fylgst er með rafmagnsnotkun




- Bætt aðgengi að safnkostinum og skilvirk þjónusta til viðskiptavina
- Áhersla á góðan rekstur innan fjárheimilda
- Starfsánægja er mæld
- Fjöldi starfsmanna aukist

## 9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

- Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila
- Nýsköpun innan allra fagsviða
- Virk sókn í nýsköpunarsjóð námsmanna og aðra sjóði
- Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar
- Samstarf við háskóla í kennslu
- Áhersla lögð á nýsköpun í stefnumótun

## 10 AUKINN JÖFNUÐUR

- Jafnréttisstefna
- Jafnlaunaavottun
- Persónuvernd og söfnun upplýsinga

## 11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

- Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila
- Ráðgjöf á fagsviðum Þjóðskjalasafns
- Samgöngusamningar við starfsfólk
- Umhverfisstefna
- Réttindi borgaranna og hagur stjórnsýslunnar

## 12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

- Vistvæn innkaup
- Grænt bókhald
- Loftlagsmarkmið

## 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

- Umhverfisvænar lausnir
- Loftlagsmarkmið

## 14 LÍF Í VATNI

- Leiðandi í umhverf-islausnum sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið
- Umhverfisstefna

## 15 LÍF Á LANDI

- Leiðandi í umhverfislausnum sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið
- Umhverfisstefna
- Samgöngustefna

## 16 FRIÐUR OG RÉTTLÆTI

- Mannauðsstefna
- Jafnréttisstefna
- Stefna gegn einelti og áreitni
- Reglur um heilsu- og öryggismál
- Reglur um persónuvernd

## 17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN

- Stefnumótunarvinna ásamt sjö öðrum menningarstofnunum

# VIÐAUKI 1.

## Stefnumótun ríkisaðila til þriggja ára 2019–2021

| Kjarnastarfsemi | | | |
|---|---|---|---|
| **Markmið 1: Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskylda aðila** | | | |
| **Mælikvarðar** | | **Gögn lögð til grundvallar** | |
| 1. | Innkomin frágengin pappírsskjalasöfn | Upplýsingar úr afhendingarskrá (hillumetrar (hm)) | |
| 2. | Innkomin rafræn skjalasöfn | Upplýsingar úr afhendingarskrá gígabæt (gb)) | |
| 3. | Fjöldi eftirlitsheimsókna, ráðgjafarsamtala og funda/ fjöldi þátttakenda á námskeiðum | Málaskrá og önnur skráningarkerfi stofnunar | |
| **Markmið 2: Bætt aðgengi að safnkostinum og aukin þjónusta** | | | |
| **Mælikvarðar** | | **Gögn lögð til grundvallar** | |
| 1. | Rafræn skjalaskrá | Fjöldi færslna | |
| 2. | Fjöldi hillumetra á ári í bættum umbúðum með forvörslu eða endur-pökkun | Mæling úr geymsluskrá, skýrslur forvarða og skráningarskýrslur | |
| 3. | Fjöldi afgreiddra skjalaeininga / fjöldi svaraðra skriflegra fyrirspurna | Pantanakerfi, fyrirspurnarkerfi | |
| **Markmið 3: Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar** | | | |
| **Mælikvarðar** | | **Gögn lögð til grundvallar** | |
| 1. | Fjöldi skannaðra (sk) og birtra mynda (bi) | Talningar safnsins á skönnuðum / birtum myndum | |
| 2. | Fjöldi rita og blaðsíðna | Útgefin rit / bls.fjöldi | |
| 3. | Notkun vefja og gagnasafna | Mælingar á árlegri notkun vefja notendur / innlit / flettingar | |

| Rekstrarþættir | | | |
|---|---|---|---|
| **Markmið 1: Efling mannauðs og starfsánægju** | | | |
| **Mælikvarðar** | | **Gögn lögð til grundvallar** | |
| 1. | Staða verkefnis | Stefnumótun 2019-2023. Mannauðsstefna, aðgerðaáætlun starfs-mannahandbók | |
| 2. | Niðurstöður úr árlegri SFR könnun | SFR könnun meðalstórra stofnanna | |
| 3. | Jafnlaunavottun | Hlutfall launa kvenna miðað við laun karla, að teknu tilliti til frávika | |
| **Markmið 2: Efling markmiðasetningar og skilvirkra starfsþátta** | | | |
| **Mælikvarðar** | | **Gögn lögð til grundvallar** | |
| 1. | Innleiðing verkbókhalds | Hlutfall starfsmanna sem skrá verkbókhald | |
| 2. | Áhættumat/öryggisviðmið, staða verkefnis | Verkáætlun | |
| 3. | Skráning verkferla – handbók | Hlutfall skráðra verkferla | |
| **Markmið 3: Efling upplýsingatækni og árangursmælinga** | | | |
| **Mælikvarðar** | | **Gögn lögð til grundvallar** | |
| 1. | Staða verkefnis – mælingar | Verkáætlun | |
| 2. | Nýr aðalvefur og Heimildir.is | Verkáætlun | |
| 3. | Staða verkefnis – verkbeiðnakerfi | Verkáætlun | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tengist markmiði málaflokks: 18.1 Safnamál; markmið nr. 2: „Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur.“** | | | | |
| **Staða 2017** | **Staða 2018** | **Viðmið 2019** | **Viðmið 2020** | **Staða 2019** |
| 755 hm. | 741 hm. | 1.000 hm. | 1.500 hm. | 270 hm. |
| 50 gb. | 0 gb. | 100 gb. | 120 gb. | 1.007 gb. |
| 200 / 207 | 250 / 55 | 300 / 50 | 310 /70 | 415/0 |
| **Staða 2017** | **Staða 2018** | **Viðmið 2019** | **Viðmið 2020** | **Staða 2019** |
| 680.000 | 710.000 | 780.000 | 900.000 | 900.000 |
| 235 hm. | 300 hm. | 200 hm. | 200 hm. | 200 hm. |
| 4.439/1.496 | 4.800/1.400 | 5.100/1.500 | 5.200/2.000 | 5.915/1.563 |
| **Tengist markmiði málaflokks: 18.1 Safnamál, markmið nr. 1: „Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum.“** | | | | |
| **Staða 2017** | **Staða 2018** | **Viðmið 2019** | **Viðmið 2020** | **Staða 2019** |
| 145.293 (sk) / 146.352 (bi) | 150.000 (sk) / 150.000 (bi) | 153.000 (sk) / 153.000 (bi) | 156.000 (sk) / 156.000 (bi) | 343.711 (sk) / 153.000 (bi) |
| 3 rit / 210bls. | 7 rit /1320 bls. | 9 rit /2700 bls. | 5 rit /1500 bls. | 5 rit /2.080 bls. |
| 34.391 not. / 88.584 innl. / 391.642 flettingar | 35.000 not. / 90.000 innl. / 395.000 flettingar | 37.000 not. / 95.000 innl. / 400.000 flettingar | 38.000 not. / 97.000 innl. / 405.000 flettingar | 38.902 not. / 99,424 innl. / 281.525 flettingar |

| **Staða 2017** | **Staða 2018** | **Viðmið 2019** | **Viðmið 2020** | **Staða 2019** |
|---|---|---|---|---|
| - | 80% | 100% | | 95% |
| Einkunn 3,82 | Einkunn: 3,74 | Einkunn: 3,9 | Einkunn: 4,0 | Einkunn: 4,05 |
| - | 80% | 100% | | 100% |
| **Staða 2017** | **Staða 2018** | **Viðmið 2019** | **Viðmið 2020** | **Staða 2019** |
| 50% | 65% | 80% | 100% | 70% |
| 5% | 20% | 100% | | 30% |
| 10% | 20% | 50% | 75% | 40% |
| **Staða 2017** | **Staða 2018** | **Viðmið 2019** | **Viðmið 2020** | **Staða 2019** |
| 50% | 65% | 80% | 100% | 70% |
| 5% | 20% | 100% | | 30% |
| 10% | 20% | 50% | 75% | 30% |

# VIÐAUKI 2.

## Starfsfólk Þjóðskjalasafns 01.12.2019

| | |
|---|---|
| Anna Elínborg Gunnarsdóttir | Sviðsstjóri |
| Arna Matthildur Eggertsdóttir | Skjalastjóri |
| Árni Jóhannsson | Skjalavörður |
| Benedikt Eyþórsson | Fagstjóri upplýsingaþjónustu |
| Benedikt Jónsson | Vefstjóri |
| Bjarni Þórðarson | Húsnæðisstjóri |
| Brjánn Fransson | Kerfisstjóri |
| Edvard Kristinn Guðjónsson | Starfsmaður við skjalafrágang |
| Emil Gunnlaugsson | Starfsmaður við skjalafrágang |
| Freyr Snorrason | Starfsmaður við skjalafrágang |
| Garðar Kristinsson | Skjalavörður |
| Gísli Baldur Róbertsson | Skjalavörður |
| Gunnar Örn Hannesson | Fagstjóri skráninga |
| Heiðar Lind Hansson | Skjalavörður |
| Helga Hlín Bjarnadóttir | Skjalavörður |
| Helga Jóna Eiríksdóttir | Verkefnastjóri skjalaskrár |
| Helga Lilja Bergmann | Skjalafulltrúi |
| Hrefna Róbertsdóttir | Þjóðskjalavörður |
| Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir | Verkefnastjóri heimildaútgáfu |
| Jón Torfi Arason | Skjalavörður |
| Karen Þóra Sigurkarlsdóttir | Fagstjóri forvörslu |
| Kristinn Valdimarsson | Skjalavörður |
| Kristjana Kristinsdóttir | Fagstjóri eftirlits og ráðgjafar og lektor í skjalfræði |
| Kristjana Vigdís Ingvadóttir | Skjalavörður |
| Logi Sigmundsson | Salvörður |
| Njörður Sigurðsson | Sviðsstjóri |
| Olga Dagmar Erlendsdóttir | Forvörður |
| Ólafur Arnar Sveinsson | Verkefnastjóri þjóðlendurannsókna |
| Ólafur Valdimar Ómarsson | Skjalavörður |
| Ragnhildur Anna Kjartansdóttir | Starfsmaður við afritun |
| Sigríður Andrea Ásgeirsdóttir | Skjalavörður |
| Steinunn Steinþórsdóttir | Starfsmaður við afritun |
| Unnar Rafn Ingvarsson | Fagstjóri miðlunar |
| Yngvi Leifsson | Skjalavörður |
| Þórunn Guðmundsdóttir | Skjalavörður |

# VIÐAUKI 3

## Erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns

**Árni Jóhannsson**

„Grisjun skjala og persónuupplýsingar.“ Erindi á Vorráðstefnu Þjóðskjalasafns Íslands 14. maí 2019.

„Lagaumhverfi opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar.“ Kynning fyrir Stjórnvísi 5. febrúar 2019.

---

**Benedikt Jónsson**
„Den Nordiske Arkivdag 2018“. *Nordisk Arkivnyt*, 2019/1, bls. 39.

---

**Björk Ingimundardóttir**

„Præstekald, sogne og provstier i Island“. *Nordisk Arkivnyt,* 2019/4, bls. 206.

„Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi. Rannsókn og útgáfa tengd skjalasöfnum kirkjunnar.“ Erindi flutt á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 30. september 2019.

---

**Eiríkur G. Guðmundsson**
„Fejringen af 1918 og 1928“. *Nordisk Arkivnyt*, 2019/1, bls. 16–18.

---

**Emil Gunnlaugsson**
„Rejsepas – et innovationsprojekt ved Islands Nationalarkiv“. *Nordisk Arkivnyt*, 2019/4, bls. 163–164.
„Siglir hver sína leið. Vegabréf á 19. öld.“ Erindi flutt á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 30. september 2019.

---

**Gísli Baldur Róbertsson**
„En anklaget troldmands rygte krydser Atlanterhavet“. *Nordisk Arkivnyt*, 2019/2, bls. 98–99.

„Áningastaður í útbreiðslu Landnámabókar“. *Skagfirðingabók* 39 (2019), bls. 78–93.

---

**Heiðar Lind Hansson**

„En islandsk arkitekts ældste arbejder“. *Nordisk Arkivnyt*, 2019/4, bls. 165–167.

---

**Helga Jóna Eiríksdóttir**

„Islands nationalarkiv löser ett gammalt problem“. *Nordisk Arkivnyt*, 2019/2, bls. 76–77.

**Hrefna Róbertsdóttir**

„Archives from the early modern period Icelandic and Danish history“. Erindi á málstofunni Archives Across Northern Borders, ICA – International Council of Archives Conference, Adelaide Australia, 23. okt. 2019.

„Handverk í Aðalstræti. Verkmenntun í nýju þéttbýli“, Erindi á málþinginu Hólavallarskóli (1786–1804) Reykjavík vaknar til lífsins, félag um átjándu aldar fræði, 4. maí 2019.

„Kynning á rannsóknastarfi“, Rannsóknaspjall Sagna, Háskóla Íslands, 5. mars 2019.

„Nationalarkivaren har ordet“. *Nordisk Arkivnyt*, 2019/4, bls. 168–169.

„Rannsóknastarf Þjóðskjalasafns Íslands.“ Erindi flutt á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 30. september 2019.

„Skúli Magnússon landfógeti hefur orðið. Varnarrit fyrir Innréttingarnar“, Þjóðskjalasafn Íslands. Ráðstefna um skjöl Landsnefndarinnar fyrri, 5. nóv. 2019.

**Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir**

„Ísland 1770 í augum háembættismanna." Erindi flutt í útgáfuhófi 4. bindis Landsnefndarinnar fyrri, í Þjóðskjalasafni Íslands 5. nóvember 2019.

„Íslendingar skrifa kóngi. Útgáfa á skjalasafni Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771." Erindi flutt á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 30. september 2019.

„„Mannhundur kvelur líf úr barni með hor og pyndingum." Sagan af Páli Hanssyni og Oddi Stígssyni langafa sem drap son hans Pál Júlíus Pálsson." Erindi flutt á félagsfundi hjá Ættfræðifélaginu, í Þjóðskjalasafni Íslands 31. janúar 2019.

„Rýnt í syndir fortíðarinnar. Skjalavörður kynnti sér sakamál langafa síns betur." Viðtal við Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur í *Morgunblaðinu* 7. febrúar 2019.

„Skaftárdalur 1903. Sagan af Páli Hanssyni og Oddi Stígssyni langafa sem sakaður var um að hafa orðið syni hans Páli Júlíusi Pálssyni að bana." Erindi flutt á málþingi um Skaftárdalsmálið 1903, á Kirkjubæjarklaustri 30. maí 2019.

„Uppboðið í Viðey 1794". *Saga. Tímarit Sögufélags*, 2019/1, bls. 143–151.

Ritdómur: „Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, Skúli fógeti. Faðir Reykjavíkur. Saga frá átjándu öld." *Saga. Tímarit Sögufélags*, 2019/1, bls. 203–206.

---

**Karen Sigurkarlsdóttir**

„Ny nationalarkivar i Island". *Nordisk Arkivnyt*, 2019/2, bls. 92–93.

---

**Karen Sigurkarlsdóttir og Olga Dagmar Erlendsdóttir.**

„Reparation af folketællingsprotokollerne fra 1930", *Nordisk Arkivnyt*, 2019/3, bls. 136–138.

**Kristjana Kristinsdóttir**

„Lénið Ísland 1541–1683. Valdsmenn á Bessastöðum og skjalasafn þeirra." Erindi flutt á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 30. september 2019.

---

**Njörður Sigurðsson**

Introduction to Expert Group on Shared Archival Heritage". Erindi flutt á ráðstefnu International Superior Conference on Archival Studies (CISA) í Aix-en-Provence í Frakklandi 11.–13. september 2019.

„Réttur samfélagsins til að muna. Um persónuvernd og varðveislu opinberra skjala." *Saga* LVII:2 (2019), bls. 18–26.

„Sameiginlegur menningararfur í skjalasöfnum – Danska sendingin 1928." Erindi flutt á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 30. september 2019.

„Shared Archival Heritage." Erindi flutt á ráðstefnu International Council on Archives í Adelaide í Ástralíu 21.–25. október 2019.

„Sharing Archival Heritage." *Flash – News from ICA* 38 (2019), bls. 15–16.

„Surfacing Provenance in Shared Archival Heritage." Námskeið haldið á fundi Forum of National Archivists – FAN í Adelaide í Ástralíu 23. október 2019. Ásamt James Lowry, Co-Director, Liverpool University Centre for Archive Studies.

„Survey on Displaced Archives." Erindi flutt á fundi Forum of National Archivists – FAN í Adelaide í Ástralíu 23. október 2019.

---

**Olga Dagmar Erlendsdóttir**
**og Karen Sigurkarlsdóttir.**

„Reparation af folketællingsprotokollerne fra 1930", *Nordisk Arkivnyt*, 2019/3, bls. 136–138.

**Ólafur Arnar Sveinsson**

„Jarðir og réttarfar. Dómabókagrunnur sýslumanna 1650–1930.“ Erindi flutt á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 30. september 2019.

---

**S. Andrea Ásgeirsdóttir**

„Rafræn skil“. Kynning fyrir Stjórnvísi 5. febrúar 2019.

„Rafræn skjalavarsla“. Kennsla fyrir nema í upplýsingafræði við Háskóla Íslands 5. nóvember 2019.

„Tilkynning gagnakerfa“. Kynning fyrir héraðsskjalasöfn á Suður- og Vesturlandi í Reykjavík 6. mars 2019.

„Varðveisla rafrænna gagna“. Kennsla fyrir nema í skjalfræði í Háskóla Íslands 4. nóvember 2019.

---

**Unnar Ingvarsson**

„„Crazy Nights“ i Islands Nationalarkiv“. *Nordisk Arkivnyt*, 2019/3, bls. 134–136.

„En ny kildeportal“. *Nordisk Arkivnyt*, 2019/1, bls. 15.

„Framtíðarsýn í miðlun rannsókna Þjóðskjalasafns Íslands“. Erindi flutt á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 30. september 2019.

„Í ólöglega góðu skapi. Skemmtanalíf í Reykjavík á árunum milli stríða og vínsöluvandræði Hótel Borgar.“ Erindi flutt á Safnanótt 5. febrúar 2019.

---

**Þórunn Guðmundsdóttir**

„Voveiflegur dauðdagi Kristínar Sigurðardóttur vinnukonu árið 1756.“ Hádegisfyrirlestur Sagnfræðingafélags Íslands í Þjóðminjasafninu 29. janúar 2019.

# VIÐAUKI 4.

## Útgefnar bækur og skýrslur

### Bækur:

Björk Ingimundardóttir: *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi I-II.* Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík 2019.

*Landsnefndin fyrri 1770–1771. IV. Bréf frá háembættismönnum.*
Ritstjórar: Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands, Ríkisskjalasafn Danmerkur, Sögufélag, Reykjavík 2019.

---

### Skýrslur:

*Málasafn, málalykill og málaskrá. Leiðbeiningar fyrir afhendingarskylda aðila ríkisins.* Leiðbeiningarrit Þjóðskjalasafns Íslands. https://skjalasafn.is/files/docs/malasafn-malalykill-og-malaskra-loka.pdf. Reykjavík apríl 2019.

# VIÐAUKI 5.

## Afhendingar 2019

| Afh.nr. | Heiti | Afhendingaraðli | HM | Mb | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 164 | Jón Jónsson (1896-1969) trésmiður og framkvæmdarstjóri | Jóhanna Sigríður Guðjónsdóttir | 0,07 | | | |
| 163 | Skjöl frá Hnjóti í Barðastrandarsýslu | Óskar Leifur Arnarson | 2,5 | | 1930 | 2000 |
| 162 | Jón Þorkelsson (1859-1924) þjóðskjalavörður | Logi Guðbrandsson | 0,01 | | 1789 | 1910 |
| 161 | Danski konungsfáninn 1921 | Danska sendiráðið | 0,08 | | 1921 | 2019 |
| 160 | Jón Jónsson (1827-1908) eldri og Jón Jónsson (1869-1950) yngri (feðgar) í Oddsbæ | Ríkisútvarpið | 0,01 | | 1891 | 1904 |
| 159 | Dulspekiskólinn í Reykjavík | Óþekktur | 0,01 | | 1947 | 1970 |
| 158 | Pétur Tyrfingur Oddsson (1862-1931) kaupmaður í Bolungarvík | Óþekktur | 0,01 | | 1918 | 1925 |
| 157 | Benedikt Jónsson (1846-1939) bóndi og hreppstjóri | Óþekktur | 0,01 | | 1892 | 1892 |
| 156 | Pétur Tyrfingur Jón Oddsson (1912-1956) prófastur í Dalaprófastsdæmi | Óþekktur | 0,01 | | 1936 | 1944 |
| 155 | Jón Þorsteinsson (1781-1862) prestur í Reykjahlíð í Mývatnssveit (Skútustaðahreppi) | Óþekktur | 0,01 | | 1840 | 1849 |
| 154 | Hollvinasamtök líknarþjónustu | Ingimar Einarsson | 0,24 | | 2009 | 2019 |
| 153 | Árnína Torfhildur Guðmundsdóttir (1914-2010) yfirhjúkrunarkona og síðar hjúkrunarstjóri í Reykjavík | Þórunn Kristinsdóttir | 0,01 | | 1933 | 1945 |
| 152 | Benedikt Einarsson (1877-1952) bóndi í Miðengi í Grímsnesi | Þórunn Kristinsdóttir | 0,01 | | 1948 | 1949 |
| 151 | Hrönn hf., Seyðisfirði | Óþekktur | 0,02 | | 1965 | 1967 |
| 150 | Jóhannes Páll Pálsson (1881-1973) læknir og rithöfundur í Kanda | Óþekktur | 0,03 | | | |
| 149 | Sigló h.f. | Hlöðver Kjartansson | 0,03 | | 1983 | 1989 |
| 148 | Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis (KRON) | Hlöðver Kjartansson | 0,07 | | 1979 | 1991 |
| 147 | Félag héraðsdómara | Hlöðver Kjartansson | 0,5 | | | |
| 146 | Helgi Guðmundsson (1936-2017) úrsmiður | Halla Bogadóttir | 0,06 | | | |
| 145 | Grafarvogsprestakall, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra | Biskupsstofa | 0,3 | | 1989 | 2000 |
| 144 | Fjarðarsíld hf., Seyðisfirði | Óþekktur | 0,02 | | 1966 | 1970 |
| 143 | ICEY (International Cultural Exchange) | Óþekktur | 0,02 | | 1973 | 1980 |
| 142 | Snorri Árnason (1921-1972) lögfræðingur | Óþekktur | 0,03 | | 1945 | 1945 |
| 141 | Kristján Stefánsson (1908-1993) skrifstofumaður á Siglufirði | Óþekktur | 0,02 | | 1964 | 1992 |
| 140 | Útgerðarfélagið Eyri hf., Seyðisfirði | Óþekktur | 0,01 | | 1972 | 1973 |
| 139 | ÓskarJensen (1906-2009) pentari | Óþekktur | 0,03 | | 1971 | 1974 |
| 138 | Ræktunarsjóður Íslands | Óþekktur | 0,2 | | 1907 | 1913 |
| 137 | Póstmannasjóður | Guðrún O. Halldórsdóttir | 2 | | 1924 | 2015 |
| 136 | Læknafélag Íslands | Læknafélag Íslands | 0,03 | | 1967 | 1977 |
| 135 | Grunnskólinn í Stykkishólmi | Grunnskólinn í Stykkishólmi | 2,5 | | 1910 | 1989 |
| 134 | Kjararáð | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | 13 | | | |
| 133 | Ólafur F. Magnússon (1952-) heimilislæknir í Reykjavík. Sjúkraskrár | Óþekktur | 0,32 | | 1986 | 2009 |

| Afh.nr. | Heiti | Afhendingaraðli | HM | Mb | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 132 | Ingivaldur Nikulásson (1877-1951) sjómaður, verkamaður og fræðimaður í Bíldudal | Ragnheiður Guðnadóttir | 0,01 | | 1918 | 1918 |
| 131 | Ragnar Fjalar Lárusson (1927-2005) prófastur | Þórsteinn Ragnarsson | 0,5 | | 1950 | 2000 |
| 130 | Björn Ásgeirsson (1906-1989) bóndi á Reykjum í Lundarreykjadal | Antikbúðin | 0,01 | | 1936 | 1936 |
| 129 | Forsætisráðuneyti | Fosætisráðuneyti | 0,05 | | 1913 | 1968 |
| 128 | Sigurður Ólason (1907-1988) hæstaréttarlögmaður og deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu | Óþekktur | 0,08 | | 1970 | 1985 |
| 127 | Ólöf Pálsdóttir (1920-2018) myndhöggvari | Ólafur Páll Sigurðsson | 0,6 | | 1930 | 2018 |
| 126 | Sigurður Bjarnason frá Vigur (1915-2012) ristjóri, alþingismaður og sendiherra | Ólafur Páll Sigurðsson | 0,3 | | 1950 | 1985 |
| 125 | Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli | Óþekktur | 1,2 | | 1960 | 1980 |
| 124 | Karl Eiríksson (1925-2014) forstjóri | Þorgrímur P. Þorgrímsson | 0,01 | | 1890 | 1981 |
| 123 | Björn Ólafsson (1920-1996) loftskeytamaður | Sigrún Björnsdóttir | 0,4 | | 1933 | 1986 |
| 122 | Hagstofa Íslands | Óþekktur | 0,08 | | 1939 | 1940 |
| 121 | Vilhjálmur Þorláksson (1933-) byggingarverkfræðingur | Vilhjálmur Þorláksson | 1 | | 1965 | 2005 |
| 120 | Hólmfríður Árnadóttir (1930-) prófessor | Hólmfríður Árnadóttir | 0,21 | | | |
| 119 | Eiríkur G. Guðmundsson (1953) þjóðskjalavörður | Eiríkur G. Guðmundsson | 0,5 | | | |
| 118 | Gestur Guðfinnsson (1910-1984) skáld og blaðamaður | Ásgeir Jóhannesson | 0,01 | | 1945 | 1945 |
| 117 | Styrktarsjóður Magnúsar Bjarnasonar kennara | Ásgeir Jóhannesson | 0,08 | | 1976 | 2019 |
| 116 | Sæmundur Þórðarson (1888-1984) verkstjóri í Rúllu- og hleragerð Reykjavíkur | Birna Þ. Skarphéðinsdóttir | 0,05 | | 1918 | 1967 |
| 115 | Guðmundur Jóhannsson (1912-1974) húsasmíðameistari og bifreiðasmiður | Haukur Ísfeld | 0,01 | | 1936 | 1964 |
| 114 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | | 5.144 | 2008 | 2008 |
| 113 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | | 5.118 | 2007 | 2007 |
| 112 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | | 4.816 | 2006 | 2006 |
| 111 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | | 4.958 | 2005 | 2005 |
| 110 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | | 4.582 | 2004 | 2004 |
| 109 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | | 4.417 | 2003 | 2003 |
| 108 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | | 6.705 | 2002 | 2002 |
| 107 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | | 6.587 | 2001 | 2001 |
| 106 | Ríkisskattstjóri | Ríkisskattstjóri | | 6.125 | 2000 | 2000 |
| 105 | Anders Ásmundur Friðrik Brekkan (1926-2017) prófessor í röntgenlækningum | Hólmsteinn A. Brekkan | 0,5 | | 1981 | 1991 |
| 104 | Haraldur Ágústsson (1910-2000) húsgagnasmiður og yfirkennari | Þórður Ágúst Henriksson | 0,3 | | 1930 | 2000 |
| 103 | Gjaldþrot/þrotabú - Orbulus ehf. | Réttur - Aðalsteinsson & co. | 5 | | 2013 | 2017 |
| 102 | Einar Einarsson (1934-2018) flugumferðarstjóri og Una Ásgeirsdóttir (1935-2019) móttökuritari | Kristín Einarsdóttir | 0,01 | | 1951 | 1982 |
| 101 | Jón E. Guðmundsson (1902-1967) bakarameistari og Marta Jónsdóttir (1903-1986) húsfreyja | Kristín Einarsdóttir | 0,01 | | 1923 | 1975 |
| 100 | Guðjón Samúelsson (1887-1950) arkitekt. | Kristín Einarsdóttir | 0,02 | | 1917 | 1917 |
| 99 | Art Medica | Livio Reykjavík ehf. | 0,03 | | 2010 | 2015 |
| Afh.nr. | Heiti | Afhendingaraðli | HM | Mb | Frá | Til |

| Afh.nr. | Heiti | Afhendingaraðli | HM | Mb | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 98 | Helga Svanlaugsdóttir (1922-2013) hjúkrunarkona | Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga | 0,01 | | | |
| 97 | Ágústa Jónasdóttir Wingfield Digby (1915-1971) hjúkrunarkona | Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga | 0,07 | | 3000 | 0 |
| 96 | Gjaldþrot/Þrotabú | Þorbergsson & Loftsdóttir lögmannsstofa sf. | 1,5 | | | |
| 95 | Kjarnorkuklúbburinn | Enginn | 0,06 | | 1949 | 1971 |
| 94 | Vísindafélag Íslendinga | Brynhildur Björnsdóttir | 2 | | 1930 | 2015 |
| 93 | Halldór Ásgrímsson (1947-2015) alþingismaður og ráðherra | Karl Ottó Schiöth | 5 | | 1980 | 2015 |
| 92 | Sigurvin Eyjólfsson (1906-1981) verkstjóri í Reykjavík | Guðmar Sveinn Magnússon | 0,01 | | 1944 | 1944 |
| 91 | Skólafélag Iðnskólans í Reykjavík | Gunnar Guttormsson | 0,02 | | 1939 | 1955 |
| 90 | Rafstöð varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli | Guðmundur Björn Lýðsson | 1,5 | | 1954 | 2006 |
| 89 | Þórunn Bjarnadóttir (1925-2018) kennari | Bjarni Lárusson | 0,05 | | 1942 | 1974 |
| 88 | Hannes Þorsteinsson (1860-1935) þjóðskjalavörður | Guðrún Hannesdóttir | 0,6 | | 1884 | 1937 |
| 87 | Þjóðskjalasafn Íslands | Þjóðskjalasafn Íslands | 1,7 | | 1912 | 1997 |
| 86 | Jón Baldvin Hannibalsson (1939), alþingismaður og ráðherra og Bryndís Schram (1938) athafnakona | Kolfinna Baldvinsdóttir | 0,16 | | 1956 | 2014 |
| 85 | Kjartan Jóhannsson (1939) alþingismaður og ráðherra | Kjartan Jóhannsson | 1,5 | | 1926 | 2006 |
| 84 | Óttar Möller (1918-2018) forstjóri | Auður Möller | 0,5 | | | |
| 83 | Gjaldþrot/Þrotabú | JH lögmannsstofa | 0,03 | | 2019 | 2019 |
| 82 | Færeyingafélagið á Norðurlandi (FÁN) | Heimir H. Karlsson | 0,08 | | 1980 | 1985 |
| 81 | Steingrímur Eiríksson (1951-2018) lögmaður | Harpa Steingrímsdóttir | 5 | | | |
| 80 | Kjartan Magnússon hf. (heildverslun), Háteigsvegi 20, Reykjavík | Grétar Eiríksson | 0,05 | | 1960 | 1993 |
| 79 | Helgafellsprestakall | Bjarnþór G Kolbeins | 0,08 | | 1898 | 1948 |
| 78 | Sauðlauksdalsprestakall | Bjarnþór G Kolbeins | 0,01 | | 1937 | 1950 |
| 77 | Páll Jörgen Ammendrup (1947) læknir | Páll Jörgen Ammendrup | 0,16 | | 2019 | 2019 |
| 76 | Inner Wheel klúbbur Reykjavíkur | Rótarýklúbbur Reykjavíkur | 0,64 | | 1973 | 2015 |
| 75 | Rótarýklúbbur Reykjavíkur | Rótarýklúbbur Reykjavíkur | 5,12 | | 1905 | 2018 |
| 74 | Karl Steinar Guðnason (1939) alþingismaður/ Alþýðuflokkurinn/Fulltrúaráð Alþýðuflokksfélaganna í Keflavík, Njarðvík og Höfnum/Verkalýðsnefnd Alþýðuflokksins | Karl Steinar Guðnason | 0,5 | | 1946 | 2010 |
| 73 | Barnaverndarráð Íslands | Árni Gunnarsson | 0,03 | | 1980 | 1982 |
| 72 | Sögusafn ASÍ | Ingólfur Á. Jóhannesson | 0,11 | | 1975 | 1985 |
| 71 | Gunnar Þorbjörn Gunnarsson (1926-2007) forstjóri | Gunnar Ingi Gunnarsson | 0,05 | | 1981 | 1996 |
| 70 | Gunnar Ingi Gunnarsson (1946) læknir | Gunnar Ingi Gunnarsson | 2 | | 1956 | 2019 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 69 | Björn Grímsson (1891-1986) kaupmaður | Ragnheiður Þóra Grímsdóttir | 0,26 | | 1930 | 1980 |
| 68 | Grímur Björnsson (1924 - 2018) tannlæknir | Ragnheiður Þóra Grímsdóttir | 0,01 | | 1964 | 1965 |
| 67 | Forsetaframboð Davíðs Oddssonar | Friðbjörn Orri Ketilsson | 0,1 | | 2016 | 2016 |
| 66 | Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Mennta- og menningarmálaráðu-neytið | | 301.643 | 2011 | 2014 |
| 65 | Landspítali - Háskólasjúkrahús | Landspítali - Háskólasjúkrahús | | 2.752 | 2010 | 2016 |
| 64 | Ásgeir Pétursson (1922-2019) sýslumaður | Ingibjörg Ásgeirsdóttir | 0,13 | | 1917 | 1990 |
| 63 | Wilbur Jónsson | Wilbur Jónsson | 0,05 | | 3000 | 0 |
| 62 | Kvennadeild Slysavarnarfélagsins í Keflavík | Margrét Gunnarsdóttir | 0,03 | | 1931 | 1992 |
| 61 | Slysavarnarfélagið Landsbjörg | Margrét Gunnarsdóttir | 0,03 | | 1986 | 1999 |
| 60 | Guðmundur Bjarni Bjarnason (1870-1926) sjómaður | Guðrún Þ. Hallgrímsdóttir | 0,01 | | 1913 | 1925 |
| 59 | Gjaldþrot/Þrotabú | Advel lögmenn slf. | 0,83 | | 2014 | 2019 |
| 58 | Sigurður Guðmundsson (1914-1988) trésmiður | Guðmundur Ingólfsson | 0,05 | | 1931 | 1933 |
| 57 | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Eiríkur G. Guðmundsson | 0,08 | | 1984 | 1994 |
| 56 | Sigurður Bjarnason frá Vigur (1915-2012) ristjóri, alþingismaður og sendiherra | Ólafur Páll Sigurðsson | 2 | | 1938 | 2005 |
| 55 | Fálkinn hf. | Viðar Pálsson | 2 | | 1930 | 1960 |
| 54 | Olíufélagið hf. | N1 | 0,5 | | 1953 | 1995 |
| 53 | Íslandspóstur | Íslandspóstur | 0,24 | | | |
| 52 | Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnar-skertra | Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra | | 678.188 | 1967 | 2007 |
| 51 | Loftur Guttormsson (1938-2016) prófessor í sagnfræði | Hanna Kristín Stefánsdóttir | 0,5 | | 1935 | 1997 |
| 50 | Óþekkt | Rósa Björk Þorbjarnardóttir | 0,08 | | 1847 | 1962 |
| 49 | Sigurður Reynir Guðmundsson (1930) íþrótta-kennari og skólastjóri | Jón Torfason | 0,24 | | 1970 | 2007 |
| 48 | Gjaldþrot/Þrotabú | BBA | 1,5 | | 2007 | 2011 |
| 47 | Víglundur Jónsson (1910 - 1994) útgerðar-maður | Ragnheiður Víglundsdóttir | 0,08 | | 1902 | 1944 |
| 46 | Ketill Högnason (1944-2005) tannlæknir | Guðrún Ólafsdóttir | 1,92 | | 1987 | 2012 |
| 45 | Guðrún Ólafsdóttir (1944) tannlæknir | Guðrún Ólafsdóttir | 3,76 | | 1991 | 2015 |
| 44 | Póstur & sími Stykkishólmi | Emil Gunnlaugsson | 1 | | 1908 | 1963 |
| 43 | Friðmey Ólöf Þórðardóttir (1927-2018) húsmóðir og matráðskona | Óþekktur | 0,03 | | 1924 | 1941 |
| 42 | Hallgrímur Valgeir Jónsson (1927-2012) og Ragnheiður Katrín Ólafsdóttir (1939-2018) | Ólafur Arnar Hallgrímsson | 0,01 | | 1941 | 1961 |
| 41 | Sóknarnefnd Gufudalsprestakalls | Ólafur Arnar Hallgrímsson | 0,01 | | 1904 | 1945 |
| 40 | Gufudalshreppur | Ólafur Arnar Hallgrímsson | 0,08 | | 1953 | 1987 |
| 39 | Landssamband öldungadeilda | Héraðsskjalasafnið á Akureyri | 0,03 | | 1985 | 1993 |
| 38 | Guðjón Samúelsson (1887-1950) húsameistari ríkisins | Héraðsskjalasafnið á Akureyri | 0,03 | | 1914 | 1915 |
| 37 | Guðmundur Jón Hákonarson (1910-2000) kaupfélagsstjóri á Hnjóti | Ingi Bogi Hrafnsson | 0,11 | | 1950 | 1971 |
| 36 | Vita- og hafnamálastofnun | Anna Agnarsdóttir | 0,08 | | 1922 | 1967 |
| 35 | Félag áhugamanna um náttúruvernd og dýralíf (FAUNA) | Hildur Ólafsdóttir | 0,27 | | 1969 | 1994 |
| 34 | Sturla Friðriksson (1922-2015) erfðafræðingur | Hildur Ólafsdóttir | 4,5 | | 1950 | 2000 |
| 33 | Heiðar Sigurðsson (1945) kaupmaður | Heiðar Sigurðsson | 2,5 | | 1967 | 2015 |
| 32 | Jón Kr. Ísfeld (1908-1991) prestur | Haukur Ísfeld | 0,05 | | 1923 | 1975 |
| 31 | Isnic - Internet á Íslandi hf. | Isnic - Internet á Íslandi hf. | 4 | | | |

| Afh.nr. | Heiti | Afhendingaraðli | HM | Mb | Frá | Til |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 30 | JC Ísland | JC Ísland | 15 | | 1960 | 2016 |
| 29 | Alþýðuflokkurinn | Kjartan Emil Sigurðsson | 0,03 | | | |
| 28 | Örlygur Geirsson (1940) skrifstofustjóri | Kjartan Emil Sigurðsson | 0,5 | | | |
| 27 | Einar Birnir (1930) framkvæmdarstjóri | Einar Birnir | 0,4 | | | |
| 26 | Einar Guðmundsson (1933-2007) verkfræðingur | Helga Einarsdóttir | 0,5 | | | |
| 25 | Iðnnemasamband Íslands | Samtök íslenskra framhaldsskólanema | 4 | | | |
| 24 | Guðmundur Ágúst Jakobsson (1912-1985) bókaútgefandi | Linda Rós Arnarsdóttir | 0,5 | | | |
| 23 | Þórður Möller (1917-1975) yfirlæknir á Kleppi/ geðlæknir | Markús Möller | 0,3 | | 1942 | 1973 |
| 22 | Seltjarnarneshreppur | Seltjarnarnesbær | 20 | | 1869 | 1995 |
| 21 | Verslun Jóns Proppé | Svanfríður Þórðardóttir | 0,4 | | 1909 | 2003 |
| 20 | Landeigendafélag Sléttu - og Grunnavíkurhrepps | Gunnar Kristjánsson | 0,08 | | 1973 | 2017 |
| 19 | Veturliði Sigurðsson (1901-1974) smiður | Þorsteinn Björnsson | 0,5 | | | |
| 18 | Stefán Karlsson (1928-2006) handritafræðingur | Þorsteinn Björnsson | 4 | | | |
| 17 | Hlíðabær dagþjálfun | Hlíðabær dagþjálfun | 0,62 | | | |
| 16 | Henný Ottósson (1905-1986) saumakona & Hendrik Jón Siemsen Ottósson (1897-1966) fréttamaður | Magnea Henný Pétursdóttir | 50 | | | |
| 15 | Bjarni Valdimar Guðmundsson (1898-1973) læknir | Þóra Bjarnadóttir | 0,03 | | 1915 | 1972 |
| 14 | Íslensk-ameríska félagið | Íslensk-ameríska félagið | 2,5 | | 1946 | 2019 |
| 13 | Bergsveinn Ólafsson (1901-1981) augnlæknir | Ólafur A. Bergsveinsson | 3 | | 1920 | 1988 |
| 12 | Gjaldþrot/Þrotabú | JH-lögmenn | 0,01 | | 2018 | 2018 |
| 11 | Jóhannes Kristján Magnússon (1921-2005) leigubílstjóri | Hjördís Guðbjörnsdóttir | 0,03 | | 1941 | 1943 |
| 10 | Jónas Hallgrímsson (1910-1975) forstöðumaður | Edda Jónasdóttir | 0,03 | | 1945 | 1946 |
| 9 | Héraðsskólinn á Núpi | Mennta- og menningarmálaráðuneytið | 6 | | 1907 | 2015 |
| 8 | Albert Páll Sigurðsson (1961) taugalæknir | Albert Páll Sigurðsson | 5 | | | |
| 7 | Frímerkjasala Íslandspósts | Frímerkjasala Íslandspósts | 1 | | 2018 | 2018 |
| 6 | Sýslumaðurinn í Reykjavík | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu | 65 | | 1977 | 2009 |
| 5 | Lionsklúbburinn Kaldá | Elísabet Guðmundsdóttir | 0,5 | | 1985 | 2016 |
| 4 | Magnús Jónasson (1944-2017) skrúðgarðyrkjufræðingur | Gísli Kr. Björnsson | 0,05 | | 1752 | 1977 |
| 3 | Dómkirkjan í Reykjavík | Jón Kr. Ólafsson | 0,01 | | 1943 | 1943 |
| 2 | Birgir J. Dagfinnsson (1942) tannlæknir | Birgir J. Dagfinnsson | 1 | | | |
| 1 | Eyjólfur Jónsson (1869-1944) ljósmyndari, bankastjóri, klæðskeri | Nils J. Axelsson | 0,5 | | 1930 | 1945 |
| **Samtals hillumetrar af pappírsgögnum** | | | **270 hm.** | | | |
| **Samtals gígabæt af rafrænum gögnum** | | | **1007 gb.** | | | |

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

